



Karl, er Besti flokkurinn að missa sambandið við grasrótina?

„Nei, við erum allavega ekki mjög slegin yfir þessu.“

Minna hefur verið slegið í borgarlandinu í ár en áður og eru grasblettir í Reykjavík því óvenju loðnir.

Forseti Venesúela veikur:

Chavez með krabbamein

VENSÚELA Hugo Chavez, forseti Venesúela, greindi frá því í sjónvarpsávarpi í gær að hann hefði greinst með krabbamein. Sagði hann að lækningar á Kúbu hefðu fjarlæggt úr honum æxli.

Þetta var í fyrsta sinn sem hann kom fram í fjölmiðlum frá því 10. júní en þá varð hann að fara í bráðaaðgerð á mjöðm. Síðan þá hafði orðrómur verið um að forsetinn væri með krabbamein. „Ég hef látið heilsuna sitja á hakanum og verið tregur við að fara í skoðun. Það eru grundvallarmistök hjá byltingarmanni,“ sagði Chavez í ávarpi sínu. - jse



OPNAÐ Jón Gnarr borgarstjóri opnaði nýju húsin við hátíðlega athöfn í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Laugavegi breytt í göngugötu:

Líf í miðbænum í sumar

REYKJAVÍK Húsin þrjú á mótum Austurstrætis og Lækjargötu sem endurgerð voru eftir eldsvoða í apríl 2007 voru formlega opnuð í gær. Þá var hluta Laugavegar lokað tímabundið fyrir bílaumferð í gær en Austurstræti og neðri hluti Laugavegar verða göngugötur á næstunni.

Jón Gnarr, borgarstjóri, fór í skoðunarferð um nýju húsin í gær. Þar sagði hann kostnaðarsömum og þreytandi framkvæmdum lokið en bætti svo við: „Endurbygging þessara gömlu húsa er hins vegar mjög ánægjuleg. Upp hefur risið ný og fegurri ásýnd miðborgarinnar.“ - mþl

Mannlífið á Ísafirði tók stakkaskiptum í fyrradag þegar veðráttan snarbatnaði:

Sólin lífgar upp á Ísafjörð

MANNLÍF Eftir kuldalegt og dauflegt sumar tók Ísafjörður stakkaskiptum í fyrradag en þá hlýnaði skyndilega og bærinn fylltist af fólki, segir Daniel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

„Það má segja að sumarið hafi komið hérna með látum á Ísafirði í fyrradag,“ segir hann. Þar til í fyrradag komst hitastigið sjaldnast í tveggja stafa tölu en síðan þá hafa Ísafirðingar og gestir þar notið þess að spóka sig um í 16 stiga hita.

„Þá kom líka skemmtiferðaskipið Costa Marina og svo eru



MANNLÍFIÐ FYLGIR Þegar sólin tók við sér fylgdi mannlífið í kjölfarið.

MYND/SVEINBJÖRN HALLDÓRSSON

Dýrafjarðardagar að ganga í garð þannig að það má segja að bærinn hafi tekið stakkaskiptum.“

Tjaldsvæðið í Tungudal hafði

verið hálf tómt í sumar eins og svæðið fyrir húsbíla í Neðstakaupstað en nú er þar mikil umferð og miðbærinn að fyllast af fólki.

Daniel segir að reyndar séu Ísafirðingar góðir vanir í þessum efnum enda hafi margir lagt leið sína vestur síðasta sumar og eflaust finnst mönnum sumarið hafa verið dauflegt í samanburði við það.

„En þetta stjórnast mikið af veðrinu þannig að við vonum bara að nú haldi ferðamenn áfram að streyma hingað, nú þegar góðviðrið er komið.“ - jse

Hætt við jarðgöng 2003:

Ríkið sýknað af bótakröfu ÍAV

DÓMSMÁL Íslenska ríkið var í vikunni sýknað af kröfu Íslenskra aðalverktaka (ÍAV) um skaðabætur upp á 480 milljónir króna vegna útboðs Héðinsfjarðarganga árið 2003. ÍAV átti lægsta tilboð í verkið, en áður en Vegagerðin tók afstöðu til tilboðanna var hætt við framkvæmdir.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur segir ósannað að ÍAV hafi orðið fyrir raunverulegu tjóni vegna ákvörðunar ríkisins. Dæmt var að hvor aðili skyldi bera sinn kostnað af málinu. - þj



FASTUR FYRIR GEGN MÓTMÆLENDUM Þorsteinn Ingólfsson, fastafulltrúi Íslands hjá NATO, bregður upp möppu til að verja þá Claudio Bisogniero gegn skókasti frá hópi mótmælenda fyrir utan Óskju. Þórður Yngvi Guðmundsson úr utanríkisráðuneytinu er til hægri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Draga úr falli borgara

Varafrankvæmdastjóri NATO segir reynt að lágmarka manntjón meðal almennra borgara í Líbíu. Hann segir nokkuð til í gagnrýni Robert Gates.

VARNARMÁL „Í Líbíu hefur NATO náð mjög góðum árangri við að draga úr mannfalli meðal almennra borgara,“ sagði Claudio Bisogniero, varafrankvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, á opnum fyrirlestri í Háskóla Íslands í gær.

Hann segist skilja reiði Hamids Karzais, forseta Afganistans, vegna þess hve hernaðaraðgerðir NATO hafa orðið mörgum saklausum borgurum þar að bana. NATO hafi hins vegar undanfarið lagt mikla vinnu í að draga úr manntjóni meðal saklausra. Þessi vinna hafi ótvírætt skilað sér í hernaðinum í Líbíu undanfarna mánuði, þar sem „ekkert eða nánast ekkert“ manntjón almennra borgara hafi orðið þar.



CLAUDIO BISOGNIERO Segir reiði Afganistanforseta vegna mikils mannfalls almennra borgara vera skiljanlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bisogniero fór í fyrirlestri sínum yfir stöðu NATO núna, þær breytingar sem orðið hafa á síðustu áratugum og hvernig bandalagið þurfi að þróast áfram.

Hann sagði Robert Gates, sem

er nýhættur í embætti varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, hafa haft nokkuð til síns máls þegar hann gagnrýndi Evrópuríki nýverið fyrir að sinna ekki varnarmálum af nægri alvöru. Við því þurfi að bregðast. „Áminning hans var nauðsynleg,“ sagði Bisogniero.

Jafnframt sagðist Bisogniero gera sér vonir um að væntanlegt samstarf NATO við Rússland um eldflaugavarnir muni gjörbreyta samskiptum bandalagsins við Rússa til hins betra.

Hernaðarandstæðingar mættu til fundarins og voru með mótmæli við inngang Óskju. Að loknum fundinum stóð einn þeirra upp með skilti og hrópaði yfir salinn: „Trúid ekki áróðrinum. Nató sökkar feitt.“ - gb

Strokufanginn fannst fljótt:

Tók leigubíl af hjartadeildinni

LÖGREGLUMÁL Strokufanginn Þór Óliver Gunnlaugsson, sem áður hét Þórhallur Óliver Gunnlaugsson, kom fljótlega í leitirnar í gær eftir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsti eftir honum.

Þórhallur hefur verið vistaður í Hlaðgerðarkoti að undanförunu. Hann kenndi sér meins í hjarta í fyrradag og var fluttur á hjartadeild Landspítalans.

Í gær gekk hann út af spítalanum og tók leigubíl í Hlaðgerðarkot án þess að gera vart um ferðir sínar. Lögreglan sótti hann þangað síðdegis í gær. Til stóð að vista hann í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í nótt. - jse



ÞÓR ÓLIVER GUNNLAUGSSON

Kaupin á Sjóvá samþykkt:

Ný stjórn tekur við félaginu

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Eignasafn Seðlabankans hafa samþykkt kaup sjóðsins SF1 á 52,4 prósentu hlut í Sjóvá. Hlutturinn sem SF1 kaupir er hluti af 73 prósentu eign Eignasafnsins í tryggingafélaginu.

Sjóðurinn heyrir undir sjóðastýringafyrirtækið Stefni, dótturfélag Arion Banka. Hann var settur á laggirnar í þeim tilgangi einum að kaupa hlutinn í fyrrahaust. Kaupverðið nam 4,9 milljörðum króna. Á bak við kaupin standa viðskiptavinir Stefnis, lífeyrissjóðir og stórir fjárfestar með fé í eignastýringu hjá honum.

Í tilkynningu kemur fram að fulltrúar í nýrri stjórn SF1 í Sjóvá verði Ingi Jóhann Guðmundsson, Tómas Kristjánsson og Erna Gísladóttir, sem verður formaður. - jaf

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir efnahagslífið rétta úr kútnum eftir kreppuna:

Rétt að sporna við verðbólgu

EFNAHAGSMÁL Efnahagslífið hér er að taka við sér og má búast við að fjárfestingar og aukin einkaneysla muni skila því að hagvöxtur verði 2,5 prósent á árinu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) í gær.

Sendinefnd sjóðsins kom til landsins 21. júní síðastliðinn í tengslum við sjöttu og síðustu endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS. Nefndin lauk störfum í gær og er búist við að síðasta endurskoðunin verði samþykkt í ágúst.

Í tilkynningunni er haft eftir Julie Kozack, formanni sendinefndarinnar, að endurreisnarstarfið gangi vel, fjármálagæirinn sé að komast á fætur. Eftirlit með honum hafi verið hert til muna. Það sé mikilvægt bæði til að draga úr áhættu innan geirans og styrkja hann. Þá er jákvætt hve fjárhagsleg endurskipulagning heimila og fyrirtækja hefur gengið vel, að hennar sögn.

Þá segir Kozack að þótt mat AGS á aðstæðum efnahagslífsins sé í meginatriðum óbreytt frá fimmtu endurskoðuninni í maí þá sé verðbólga ívið hærri en þá hafi verið búist við. Helsta skýringin er líkt og bent hefur verið á síðustu daga, gengislækk-



JULIE KOZACK AGS segir endurreisnarstarfið hér hafa gengið vel eftir efnahagshrunið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

un krónunnar ofan á hækkun launa, fasteignaverðs og vöruverðs. Við þær aðstæður sé skynsamlegt að Seðlabankinn herði tókin á peningalegu aðhaldi, að mati AGS. - jaf

HÓPKAUP.IS Í DAG

Rómantísk gisting, 3ja rétta kvöldverður og morgunverður fyrir tvo

14.900 kr.

GILDIR Í 48 TÍMA

Verð
33.100 kr.

Afsláttur
55%

Afsláttur í kr.
18.200 kr.

50 viðskiptavinir þarf til að virkja tilboðið

Gisting í lúxusíbúð, kvöldverður og morgunverður fyrir tvo á Laxárþakka í Hvalfjarðarsveit. Komdu, njóttu sveitasælunnar og slappaðu af með elskunni þinni!

www.laxarbakki.is

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is





TAX FREE
PALLAEFNI
LÝKUR UM HELGINA
KLÁRAÐU
SÓLPALLINN!

TAX FREE PALLAEFNI LÝKUR UM HELGINA



Kælibox 24 ltr
3899342

1.990,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

Tjaldstóll
3901474

1.490,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR



Tjald Riga 2
Tveggja manna,
Þyngd 1.7 kg.
3000410

2.990,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR



Rafmagnssláttuvél
Flymo Turbo Lite 330
1150W, Sláttubreidd 33 cm.
5085136

19.900,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR

Gasgrill Sunset
Tasman 300.
Grillflötur 50x35,8 cm
tvö hliðarborð
3000392

2 brennarar, hliðarborð



25.495,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
↓
HÚSASMÍÐJUNNAR



Pallaolía
Jotun Treolje
3 ltr. Gleer.
7049123

2.795
~~3.495~~



OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI

TAX FREE AF FÚAVÖRÐU TIMBRI OG SKJÓLVEGGJUM GILDIR TIL 4. JÚLÍ

Að sjálfsgöðu stendur Húsasmíðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



HÚSASMÍÐJAN

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	113,93 114,47
Sterlingspund	182,63 183,51
Evra	165,33 166,25
Dönsk króna	22,161 22,291
Norsk króna	21,221 21,345
Sænsk króna	18,108 18,214
Japanskt jen	1,4108 1,4190

SDR 182,40 183,48

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,9611

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meginreglan er sú að rukka ofbeldismenn um bætur og fáir sleppa við rukkun:

Flestir láta kröfurnar fyrnast

SAMFÉLAGSMÁL Flestir dæmdir ofbeldismenn sem greiða eiga fórnarlömbum sínum bætur láta kröfurnar fyrnast án þess að greiða, segir Halldór Þormar Halldórsson, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á Siglufirði.

Haldór, sem hefur umsjón með greiðslu bóttanna, segir meginregluna þá að allir séu rukkaðir. „Við tilkynnum viðkomandi að við eigum kröfuna og bendum honum á að hann geti óskað eftir því að verða ekki rukkaður hafi hann eitthvað fram að færa. Ef



HALLDÓR ÞORMAR HALLDÓRSSON

maður hefur verið undir tvítugu þegar hann framdi brotið verður hann að sýna vottorð um atvinnu eða skólavist og sakavottorð til þess að fá lækun á greiðslu. Hún kemur ekki til álita ef viðkomandi er í áframhaldandi brotastarfsemi.“
Að sögn Halldórs sleppa sárafá-

ir við innheimtu. „Upphæðin er stundum lækkuð um einn þriðja eða helming. Kröfurnar fyrnast á tíu árum. Það er mjög gott að menn geti samið um einhverja greiðslu en flestir láta kröfurnar fyrnast án þess að greiða.“

Mál sem eru til innheimtu nú eru alls 306 og nemur heildarfjárhæðin 266.487.729 krónum. Ofbeldismennirnir sem skulda þessa upphæð eru 247 talsins.

Fjöldi mála frá árinu 2008 er 436. Uppgreidd mál á þessu tímabili eru 130.

Breytingar hjá íslenska ríkinu:

Stofnunum fækkað um 30

STJÓRNSÝSLA Stofnunum á vegum hins opinbera hefur fækkað um 15 prósent frá því í byrjun árs 2010 eða um alls 30. Þetta kemur fram í yfirliti forsætisráðherra um sameiningu stofnana og ráðuneyta sem lagt var fram í ríkisstjórn í gær.

Fyrir Alþingi liggja fjögur frumvörp sem munu fækka stofnunum um tíu til viðbótar verði þau að lögum. Ríkisstjórnin setti sér það markmið að fækka ráðuneytum og stofnunum um 60 til 80 á árunum 2010 til 2012. - mþl



KONUNGUR Á KJÖRSTAÐ Múhamed VI. konungur greiðir atkvæði. NORDICPHOTOS/AFP

Marokkóbúar greiða atkvæði:

Kosið um nýju stjórnarskrána

MAROKKÓ, AP Marokkóbúar greiddu í gær atkvæði um nýja stjórnarskrá, sem konungur landsins segir svar við lýðræðiskröfum sem gert hafa vart við sig þar undanfarna mánuði eins og víðar í löndum Norður-Afríku.

Gagnrýnendur segja nýju stjórnarskrána þó tryggja konunginn áfram öll völd í landinu, þótt hún auki nokkuð völd bæði þjóðþingsins og dómsvaldsins. Einnig tryggir hún betur rétt kvenna og minnihlutahópa.

Talið var fullvíst að stjórnarskráin yrði samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. - gb

LÖGREGLUMÁL

Með hálf kiló af fíkniefnum

Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn í fyrradag eftir að um hálf kiló af amfetamíni fannst á heimili hans í Grafarvogi. Lögreglan telur að fíkniefnin hafi átt að fara í sölu. Maðurinn, sem áður hefur komið við sögu hjá lögreglu, hefur verið yfirheyrður og viðurkennt brot sitt.

Yfirfara kröfur ESA um ólöglega aðstoð

Stjórnvöld fara nú yfir úrskurð ESA um að kaup Íbúðalánasjóðs á fasteignalánnum sparísjóðanna hafi verið ólögleg. Stofnunin mat þau sem ólöglega ríkisaðstoð. Kaupin nema 29 milljörðum króna en endurkrafan verður lægri.

EFNAHAGSMÁL Fulltrúar í ráðuneytum og Íbúðalánasjóði fara nú yfir hvað úrskurður ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, um ólöglega ríkisaðstoð þýði. Stofnunin úrskurðaði að kaup Íbúðalánasjóðs á fasteignaveðum fjögurra sparísjóða hefðu falið í sér ólöglega ríkisaðstoð. Alls keypti sjóðurinn 7.600 lán fyrir 29 milljarða.

ESA úrskurðaði að endurheimta þyrfti óleyfilega aðstoð eigi síðar en í lok október 2011. Stjórnvöld hafa frest til loka ágúst að svara erindinu bréflaga. Ljóst er að endurheimtun munu ekki nema 29 milljörðum, en endurmeta þarf hvert lánasafn fyrir sig og sjá hvort greitt hafi verið markaðsverð fyrir. Endurkrafan, ef af verður, mun því snúa að mismun á greiddu verði og markaðsverði, sé hann fyrir hendi.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að embættismenn fari nú yfir úrskurðinn og hvaða þýðingu hann hafi. Ljóst sé að sé endurkrafa fyrir hendi muni það á endanum koma ríkissjóði, og þar með almenningi, til góða. Ríkið eigi þá kröfu á bú sparísjóðanna. Sparisjóðirnir sem um ræðir eru Spron, Sparisjóður Keflavíkur, Sparisjóður Bolungarvíkur og Byr.

„Það eru efnisleg rök fyrir því að þetta hafi verið heimilt að einhverju leyti. Það er of snemmt að segja hvað verður úr þessu. Það verður að fara yfir þetta, skjal fyrir skjal,“ segir Guðbjartur. Aðstoðin sem um ræðir byggir á



HÚSNÆÐI ESA hefur úrskurðað að kaup Íbúðalánasjóðs á fasteignalánnum sparísjóða hafi falið í sér ólöglega ríkisaðstoð í einhverjum tilvikum. Nú þarf að meta hver kaup fyrir sig og svara stofnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GUÐBJARTUR HANNESSON

neyðarlögunum. Gunnhildur Gunnarsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs Íbúðalánasjóðs, segir að málið byggir að verulegu leyti á því að ákvörðunin var ekki kynnt ESA fyrirfram. Þegar af þeirri ástæðu sé hún talin ólögleg. Í álitinu kemur fram að þar sem enginn formlegur markaður var með bréfin sé erfitt að segja til um markaðsverð.

Þá er gagnrýnt að heimildin

se óbundin ákveðinni fjárhæð og ekki sett á hana tímamörk. Ljóst er að Alþingi mun þurfa að breyta lögum hvað aðstoðina varðar þegar þau kemur saman í september.

„Það sem stendur upp á stjórnvöld er að sýna fram á að þetta hafi verið eðlilegur gjörningur en ekki ríkisaðstoð,“ segir Gunnhildur.

„Þetta var klárlega gert til þess að gera sparísjóðum og fjármála-fyrirtækjum kleift að losa sig við eignir sem voru ekki seljanlegar og fá í staðinn íbúðabréf, sem eru ígildi lausafjár.“

kolbeinn@frettabladid.is

Listakonan Sissú látin

Sigprúður Pálsdóttir myndlistarmaður, jafnan kölluð Sissú, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi á fimmtudag.

Sigprúður var fædd í Reykjavík 22. nóvember 1954. Hún nam meðal annars við Bergenholtz Reklame Fagskole, Listaakademíuna í Kaupmannahöfn, Universita per Stranieri á Ítalíu, Art Students League of New York, School of Visual Arts.

Hún hélt um tuttugu einkasýningar auk fjölda samsýninga. Sigprúður lætur eftir sig eina dóttur og fjögur barnabörn.



Trúnaðarmanni sagt upp: Uppsögn hjá OR ólögleg

DÓMSMÁL Félagsdómur dæmdi á mánudag uppsögn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á trúnaðarmanni ólöglega. Uppsögn hans var liður í endurskipulagningu og hagræðingu í starfsemi OR. Voru verkefni hans að hluta til lögð niður en nokkur hluti færður til annarra sviða.

Í lögum um stéttarfélag og vinnuveitandi kemur fram sú meginregla að trúnaðarmanni skuli ekki sagt upp störfum við fækkun starfsmanna, nema vinnuveitandi sýni fram á ríkar ástæður fyrir þeirri ráðstöfun.

Í niðurstöðu dómsins kemur fram að það blasi við að OR hefði verið í lófa lagið að láta trúnaðarmanninn njóta stöðu sinnar. - mþl

Úrval af málverkum Frábær verð

Gallery Art 2b Erum á móti IKEA
Kauptún 3 - Garðabær - S. 5 800 800 - www.art2b.is

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

VÆTUSAMT Úrkoma með köflum er þemað S- og A- til næstu daga. Léttir til SV-lands í kvöld en bætir þá í SA-lands og fer að rigna á Vestfjörðum. Að mestu þurrt fyrir norðan og hlýjast þar.

Á MORGUN víða 5-12 m/s
MÁNUDAGUR víða 5-10 m/s, lægir þegar liður á daginn

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	21°
Berlín	13°
Billund	23°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	22°
Kaupmannahöfn	22°
Las Palmas	27°
London	19°
Mallorca	29°
New York	29°
Orlando	32°
Ósló	21°
París	21°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	24°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!



Ertu Swift?



Nýr Suzuki Swift



Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár
nú enn betri og flottari.
Swiftinn er stærri og rúmbetri og er með
einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél, býðst beinskiptur
og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur.
Swiftinn hlaut 5 stjórnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með
ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

Verð frá 2.580 þús.
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
CO₂ 116g/km

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

FRÉTTASKÝRING: Hver eru álitamálin um meðferð málsins í Vestmannaeyjum?

Tekist á um forræði kynferðisbrotamála

Forstjóri Barnaverndarstofu vill láta færa rannsókn á alvarlegum brotum til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum gagnrýnir þessi orð harðlega og vill umboð til rannsókna í Vestmannaeyjum.

Lögreglan á Selfossi sinnir rannsókn á kynferðisbrotamálum sem eiga sér stað í Vestmannaeyjum. Karlmaður á fimmtugsaldri, búsettur í Vestmannaeyjum, var úrskurðaður í mánaðar gæsluvarðhald fyrir viku síðan, grunaður um að hafa nðst kynferðislega á ungrri stjúpdóttur sinni mánuðum saman árin 2009 og 2010. Maðurinn er einnig grunaður um að hafa misnotað tvær stúlur til viðbótar.

Fleiri mál í Eyjum

Karlmaður á áttræðisaldri, búsettur í Vestmannaeyjum, var sýknaður í Hæstarétti af ákæru um kynferðisbrot gegn fimm ára stúlku í mars síðastliðnum. Rómur mánuður leið frá því að stúlkan greindi lögreglu frá meintu broti þar til að hún var færð í Barnahús til skýrslutöku.

Í millitíðinni var stúlkan ítrekað yfirheyrð um atvikið hjá sálfræðingi, auk þess sem móðir hennar lét hana segja frá því sem gerst hafði. Héraðsdómur taldi þessa málsmeðferð rýra sönnunargildi frásagnar stúlunnar.

Forstjóri Barnaverndarstofu gagnrýndi vinnubrögð yfirvalda í Vestmannaeyjum á sínum tíma og sagði þau ekki í samræmi við verklagsreglur.

Nítján konur í Vestmannaeyjum kærðu manninn í kjölfar kæru stúlunnar, en mál þeirra voru fyrnd.

Málið kom fyrst inn á borð yfirvalda vorið 2010. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins varð talsverð töl á rannsókn lögreglu á sínum tíma vegna samgönguörðugleika, en Landeyjahöfn var lokað og því komust rannsóknarlögreglumenn ekki til Eyja svo dögum skipti. Að fara í gegnum Þorlákshöfn var talið taka of langan tíma og of kostnaðarsamt þótti að fljúga.

Lögreglustjórinn á Selfossi, Ólafur Helgi Kjartansson, hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki úrskurðað manninn í gæsluvarðhald síðastliðið haust. Félagsmálayfirvöld í Vestmannaeyjum, sýslumannsembættið og lögfræðingur stjúpdóttur mannsins, mæltust öll til þess að slíkt yrði gert, í ljósi alvarleika málsins og þeirra hörðu staðreynda sem lágu fyrir. Þrátt fyrir það var maðurinn fyrst úrskurðaður í gæsluvarðhald á laugardaginn var, þegar Héraðsdómur Suðurlands kvað upp úrskurð sinn. Maðurinn er meðal annars sakaður um nauðgun.

Maðurinn tók ofbeldisverk sín upp á myndband og við leit lögreglu fannst fjöldi ljósmynda og hreyfimynda sem maðurinn hafði bæði tekið sjálfur og aflað sér á netinu.

Málin betur sett í Reykjavík

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að vitað sé að brotamenn sem fremji ítrekuð og gróf brot gegn fleiri en einu barni, séu afar hættulegir. Eðlilegast hefði verið að úrskurða manninn í gæsluvarðhald þegar rannsóknarniðurstöður lágu fyrir síðastliðið haust. Þarna hafi yfirvöldum orðið á mistök.

„Það sem við sjáum í Vestmannaeyjum er óréttlætlegt,“ segir Bragi og bætir við að hann telji rétt að skoða hvort rannsókn alvarlegra mála sem þessa ættu frekar heima hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík. „Það er óumdeilt að kynferðisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík býr, vegna stærðar sinn-



VESTMANNAEYJABÆR Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum telur mikilvægt að öll umdæmi landsins hafi þann mannskap sem til þarf til að takast á við rannsóknir á afbrotum sem framin eru á þeim svæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

ar, yfir mestri sérþekkingu á þessu sviði,“ segir Bragi. Hann ítrekar þó að hann sé ekki að gera lítið úr rannsóknarstarfi lögreglunnar annars staðar á landinu, þar sem erfið mál séu oft leyst vel af hendi.

Rannsókn málsins í Vestmannaeyjum hefur tekið langan tíma og eru liðnir átta mánuðir síðan sýslumaðurinn á Selfossi ákvað að krefjast ekki gæsluvarðhalds yfir manningum. Bragi hefur miklar áhyggjur af því hvað rannsóknartími sé almennt langur og telur að það að flytja rannsóknina á höfuðborgarsvæðið yrði liður í að stytta hann.

Nálægð geti skapað vanda

Í Vestmannaeyjabæ búa rúmlega fjögur þúsund manns. Bragi segir það borðliggjandi að í þeim samfélögum þar sem návígi er mikið séu miklar líkur á að barn og nánustu aðstandendur þurfi að umgangast gerandann, hitta hann eða sjá.

„Þessi mikla nálægð rannsakaenda við sakborninga er enn ein ástæða þess að ég tel að það þyrfti að koma á meiri fjarlægð. Þetta getur verið erfitt fyrir lögreglulið,“ segir hann. „Reyndar voru gerðar breytingar fyrir nokkrum árum og rannsóknardeildum fækkað, sem var spor í rétta átt.“


Umdæmi hafi forræði

Karl Gauti Hjaltason, sýslumaður í Vestmannaeyjum, gagnrýnir orð Braga harðlega og segir þau sleggjudóma. „Mér finnst það skjóta mjög skökku við að Bragi setji fram fullyrðingar í þessu máli. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, án þess að þekkja til málsins, að það skipti máli hvar menn búi á landinu. Við erum með áratugareynslu í lögreglurannsókn,“ segir Karl Gauti. „Svona sleggjudómar, að ekki sé hægt að rannsaka neitt nema í Reykjavík, eru algjörlega tilhæfulausir og ég er mjög ósáttur við þá. Það fer eftir reynslu manna, ekki búsetu þeirra.“

Karl Gauti segir rannsókn málsins vissulega hafa tekið langan tíma, en sá tími sé fullkomlega rökstuddur vegna þess hversu umfangsmikið og flókið málið var. Tölvugögn mannsins hafi til að mynda verið í fjóra mánuði í tæknirannsókn hjá lögreglunni í Reykjavík.

Karl Gauti er þeirrar skoðunar að

Fjöldi ákæra eftir vitnisburði barna í Barnahúsi



Rannsókn á árunum 1998 til 2003

Niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar sem Þorbjörg Sveinsdóttir, starfsmaður Barnahúss, vann sem lokaverkefni sitt í mastersnámi í sálfræði við Háskóla Íslands, leiddu í ljós að af þeim málum sem Barnahús sinnti og vörðudu kynferðisofbeldi gegn börnum fóru 42 prósent fyrir dóm.

Ákæru voru gefnar út gegn 63 sakborningum. Alls voru 39 sakborningar ákærðir fyrir brot gegn einu barni og 24 sakborningar voru ákærðir fyrir brot gegn fleiri börnum (frá tveimur til sex).

mál sem þessi séu betur komin hjá rannsóknardeildum í viðkomandi umdæmi og lögreglustjóri á viðkomandi svæði eigi að hafa yfirumsjón með þeim og eftir atvikum með aðstoð mannmeiri embætta. „Við verðum að hafa þann mannafla í Vestmannaeyjum sem til þarf til að bregðast við svona málum,“ segir hann. „Löggæslu verður ekki sinnt í gegn um áætlanarferðir.“

Framkvæmdastjóri félagsmálafyrvalda í Vestmannaeyjum, Jón Pétursson, gerði athugasemdir í mars við hvað málið tæki langan tíma í vinnslu. „Við vildum að hagsmunir barnanna yrðu tryggðir og því ætti að setja manninn í gæsluvarðhald,“ segir hann. „Við ítrekuðum að það væri afstaða barnaverndaryfirvalda í bænum.“ Hann tekur undir orð Karls Gauta, að fjarlægðin frá Vestmannaeyjum til Selfoss hafi spilað inn í þann tíma sem tók að rannsaka málið. Þegar tafir eigi sér stað vegna mannekle eða erfið-

leika við samgöngur, sé það vissulega áhyggjuefni. Þegar lá fyrir að maðurinn yrði ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald, var því beint til lögreglunnar í Vestmannaeyjum að hafa gætur á manningum og ganga úr skugga um að hann væri ekki í nágrenni við börn. Því var fylgt eftir. Barnaverndaryfirvöldum hefur ekki borist vitneskja um fleiri fórnarlömb mannsins.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



Pórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@frettabladid.is



Afar fátítt að gæsluvarðhalds sé krafist

Helgi Gunnlaugsson, afbrotafraeðingur við Háskóla Íslands, segir það ekki nýtt af nálinni að meintir kynferðisbrotamenn séu ekki settir í gæsluvarðhald eftir að kæra hefur verið lögð fram. Fjöldann sé hægt að telja á fingrum annarrar handar af tugum eða hundruðum mála.

Ítarleg skýrsla var gerð um stöðu kynferðisbrota á Íslandi árið 1989, eftir að miklar umræður spunnust um málin í samfélaginu og á Alþingi. „Þar kom meðal annars fram að gæsluvarðhaldsúrskurði í kynferðisbrotamálum er einungis beitt í örfáum tilvikum. Það virðist ekki hafa mikið breyst í beitingu þess við rannsókn mála af þessu tagi.“

Helgi segir að í ljósi þessa hafi málið sem upp kom í Vestmannaeyjum ekki komið honum mikið á óvart. „Þetta mál er þó með því verra sem maður hefur heyrt um,“ segir hann. „Menn hafa þó greinilega metið það svo að þar sé hvorki um rannsóknar- né almannahagsmuni að ræða, sem er umhugsunarefni í ljósi alvarleika málsins.“



HELGI GUNNLAUGSSON

Travel John ferðaklósett leysa málið

Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökvu að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir notkun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrifa þau.



TravelJohn

Travel John pokar fyrir þvaga eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettþokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum Lyfju og Lyf og heilsu apótekum.

Klósettstóll kr. 4.900,- Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími 555 3100 donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

Innanríkisráðherra vill skýringar

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur kallað eftir greinargerð um meðferð Ríkissaksóknaraembættisins og lögreglustjórans á Selfossi á málinu í Vestmannaeyjum. Innanríkisráðherra er gert samkvæmt lögum að hafa eftirlit með framkvæmd ákærvalds og getur hann farið fram á að Ríkissaksóknari láti í té gögn og greinargerð um meðferð einstakra mála.

Þá hefur ráðherra tekið þá ákvörðun að efla skuli kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og gera hana ráðgefandi fyrir önnur embætti í landinu. Deildin muni þó ekki taka yfir rannsóknir annarra umdæma, heldur vera þeim til halds og trausts. Ögmundur sagði í Fréttablaðinu í gær að þetta væri liður í því að laga brotalamir í kerfinu við meðferð kynferðisbrotamála.



ÖGMUNDUR JÓNASSON



Verðsprengja
Margarita
999 kr

GARÐPLÖNTUR

25%
AFSLÁTTUR
ALLIR RUNNAR
OG ALLAR
GARÐ- OG
GARÐSKÁLARÓSIR

Garðplöntuveísla
laugardag-sunnudags

Rósaklúbburinn

Rósaklúbbur Garðyrkjufélags
Íslands verður með kynningu
á klúbbnum og veita góð ráð
í Skútuvoginum laugardag og
sunnudag milli 13:00 og 16:00



Birkikvístur



Hansarós

PELARGÓNÍA
999 kr



SÍGRÆNAR
PLÖNTUR
sýpris og einir
999 kr



25%
AFSLÁTTUR
ALLAR
FJÖLÆRAR
PLÖNTUR

BIRKI
999 kr



blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

Flugsæti á góðu verði til München, Hamburg, Stuttgart og fleiri borga.

Eigum nokkur laus sæti í sumar í beinu flugi milli Íslands og Þýskalands. Flogið er frá Íslandi þrisvar í viku. Brottför er að kvöldi og lent í Þýskalandi snemma að morgni næsta dags.

Verð með sköttum:

Önnur leið frá kr.

19.999,-

Fram og til baka frá kr.

39.998,-

Nánari upplýsingar á skrifstofutíma í síma 588 8660



TROLL TOURS

SNÆLAND GRÍMSSON

Langhóltsvegur 115 · 104 Reykjavík · Sími 588 8660 · flug@снаeland.is

Laus úr haldi en ákærur óbreyttar

Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fékk að fara frjáls ferða sinna í gær eftir sex vikur í stofufangelsi. Trúverðugleiki þernunnar sem sakaði hann um nauðgun er nú dreginn í efa.

BANDARÍKIN, AP Dómari í New York ákvað í gær að Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, fái að fara frjáls ferða sinna. Hann fær þó ekki að fara úr landi.

Strauss-Kahn hafði verið haldið í stofufangelsi í New York með ströngum skilyrðum síðan um miðjan maí, ákærður fyrir að hafa reynt að nauðga þernu á hótélherbergi í sömu borg þann 14. maí.

„Þetta er mikill léttir,“ sagði William Taylor, lögmaður Strauss-Kahns, og sagði þetta mál sýna hve auðvelt sé að ásaka fólk um alvarlega glæpi. „Það er svo mikilvægt í þessu landi að fólk, og þá sérstaklega fjölmiðlar, felli ekki dóm fyrr en allar staðreyndir liggja fyrir.“

Dómarinn sá ekki ástæðu til að fella niður ákærurnar á hendur Strauss-Kahn. Svo virðist sem saksóknarar í málinu telji ákærurnar þó ekki jafn skotheldar og í fyrstu var talið.

Við rannsókn málsins kom í ljós að þernan laug að einhverju leyti til um atburðarásina. Meðal annars reyndist ekki rétt að hún hafi strax látið yfirmann sinn vita um að Strauss-Kahn hefði reynt að nauðga henni, eins og hún þó fullyrkti við lögreglu í fyrstu.

Þá reyndist hún hafa sagt ósatt um fortíð sína þegar hún sótti um hæli í Bandaríkjunum. Meðal annars hafði hún ekki skýrt rétt frá þegar hún sagði að sér hefði verið nauðgað í heimalandi sínu, Gíneu.

Ken Thompson, lögmaður þernunnar, svaraði allri gagnrýni á hana fullum hálsi.

„Það er ljóst að konan gerði einhver mistök, en það þýðir ekki að hún sé ekki fórnarlamb nauðgunar,“ sagði Thompson.



LAUS ÚR VARDHALDI Dominique Strauss-Kahn var brosmildur þegar hann yfirgaf dómhúsið í New York ásamt eiginkonu sinni, Anne Sinclair.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann sagði hana hafa komið til Bandaríkjanna vegna þess að hún hafi orðið fyrir limlestingu kynfæra. Hún hafi haft áhyggjur af því að slíkt hið sama yrði gert við dóttur hennar, sem nú er fimmtán ára. Einnig fullyrkti hann að henni hefði verið nauðgað af hermönnum, en ekki skýrt rétt frá því í hælissúmsókn sinni.

Strax og fréttist bárust af því í gær að framburður þernunnar

ar væri ekki jafn traustur og áður var talið, þá komu félagar Strauss-Kahns úr franskri pólitík honum strax til málsvarnar. Hann gæti enn tekið þátt í kosningabaráttunni fyrir forsetakosningar á næsta ári, þótt hann yrði ekki sjálfur í framboði. Þá gæti hann átt möguleika á ráðherraembætti í ríkisstjórn Sósíalista.

gudsteinn@frettabladid.is

FRÉTTIR VÍSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍPRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

Meiri Vísir.

m.visir.is

Fáðu Vísir í símann!

VÍSIR

Frábær kaup

Eximo 2011 hjólhýsi á einstöku verði!

Eximo 370

Verð: 2.398.000kr



- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Mjög gott verð.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.
- 91 Lítra ísskápur.
- Gasmiðstöð m/ Ultra heat (rafm. hitun)
- Litaðar rúður
- 12 og 220 Volta rafkerfi.



Eximo 520B

Verð: 2.998.000kr



Eximo 520L

Verð: 2.998.000kr



Eximo 460

Verð: 2.798.000kr



Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn®



NJÓTTU ÞESS AÐ VERA **AÐ HEIMAN**

Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.



HEIMAVÖRN



Á VÉLHJÓLI UM FLÓÐAVATNIÐ Þrátt fyrir monsúnflóð á götum borgarinnar Lahore í Pakistan fór þessi blaðasali allra sinna ferða á vélhjól.

NORDICPHOTOS/AFP

Nýjar upplýsingar frá BVS:

Tilkynningum fækkar um 13%

SAMFÉLAGSMÁL Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 13 prósent fyrstu þrjú mánuði ársins 2011, borið saman við sama tíma í fyrra. Þetta kemur fram í frétt á vef Barnaverndarstofnu.

Fjöldi tilkynninga í ár var 2.148 fyrstu þrjú mánuði ársins, en var 2.466 fyrstu þrjú mánuði ársins 2010. Flestar tilkynningar bárust vegna áhættuhegðunar barna, eða um 44 prósent. Rúm 30 prósent tilkynninga voru vegna vanrækslu á börnum. Tæpur fjórðungur barst vegna ofbeldis gegn barni.

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði úr 48 í 28 á milli ára, en umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 31 í 46 á umræddu tímabili.

- sv

Umhverfis landið



Vilja opna hótél í gömlu bókasafni

AKRANES Stefnt er á að opna hótél í gamla bókasafnhúsinu á Akranesi á næstunni. Frá þessu er greint á vef Skessuhorns.

Breytingar á deiliskipulagi á lóðinni eru nú í ferli. Bókasafn Akraness var áður í húsinu en hefur nú flust í verslunarmiðstöð við Dalbraut. Teikningar gera ráð fyrir viðbyggingu bæði vestan og austan við húsið auk nýrrar hæðar og bílakjallara. Það er félagið Skarðseyri ehf. sem á húsið.

Deiliskipulagstillaga hefur verið auglýst og er hægt að gera athugasemdir við hana til 2. ágúst.

Gæti þurft að senda Herjólfur utan

VESTMANNAEYJAR Mögulegt er að Herjólfur verði sendur úr landi í slipp í haust. Ekki er laust pláss í slippnum á Akureyri í september, þegar áætlað er að skipið fari í reglubundið viðhald.



Eyjafréttir greina frá þessu og haft er eftir Kristínu Sigurbjörnsdóttur hjá Vegagerðinni að verið sé að leita tilboða í verkið. Beðið sé eftir tilboðum til að sjá hvort hagkvæmara sé að senda skipið til útlanda. Um tvo sólarhringa taki að sigla skipinu til Danmerkur.

Herjólfur þarf að fara í slipp á tveggja ára fresti.

Stækka aflþynnuverksmiðju

AKUREYRI Forsvarsmenn aflþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi vilja stækka verksmiðjuna og auka framleiðslugetu um 50 prósent á næstu árum.

Skipulagsnefnd Akureyrar hefur heimilað fyrirtækinu að leggja fram breytingartillögu á deiliskipulagi vegna þessa. Einnig á að skoða hvort hægt sé að færa Krossanesbraut vegna stækkunarinnar.

Eyþór Arnalds, einn forsvarsmanna, segir í samtali við Vikudag að tókum hafi verið náð á mengunarvandamálum sem upp komst um í vetur. Hann segir verksmiðjuna nú starfa í sátt við umhverfið.



Vísindamenn kanna Tjörneslög

HÚSAVÍK Jarðvísindamenn frá Yale-háskóla í Bandaríkjunum gera þessa dagana athuganir á Tjörneslöggunum við Hallbjarnarstaði.

Hópurinn starfar í Þekkingarsetrinu á Húsavík og hefur nýtt sér vinnuáðstöðu og aðstoð Náttúrustofu Norðausturlands og Þekkingarnets Þingeyinga. Hluti hópsins kom einnig í fyrirasumar en hópurinn mun nú dvelja í viku við rannsóknir í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Vísindamenn og nemendur við háskólann eru í hópnum.



Átak gert vegna kattaplágu

FLJÓTSDALSHÉRAÐ Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur hafið átak vegna kattaplágu á svæðinu. Átak verður gert í að fylgja eftir samþykktum sveitarfélagsins um hunda- og kattahald.



Íbúi á Fljótsdalshéraði hafði sent bréf þar sem kvartað er undan kattaplágu sem herji á hverfin í bænum. Kettir geri þarfar sínar í görðum og opnum bílum. Ástandið hafi verið slæmt í langan tíma og ekkert hafi verið að gert.

Samþykktir sveitarfélagsins kveða á um að eigendum katta beri að sjá um að kettir þeirra valdi ekki ónæði, óþrifnaði eða óhollustu.

Vilja 36 milljarða fjárfestingu í Búlandsvirkjun

SKAFTÁRHREPPUR Suðurorka ehf. vill fjárfesta fyrir um 36 milljarða króna í Búlandsvirkjun í Skaftártungu ef til þess fást leyfi.

Virkjunin myndi veita Skaftá neðan við Hólaskjól í göngum inn á Þorvaldsaura, í fallgöng til stöðvarhúss í Réttarfelli og um göng í farveg Skaftár við Búland. Þetta kemur fram á vef Sunnlenska. Raforkuvinnsla gæti hafist árið 2018.

ALLIR SAMAN NÚ

HILAUPUM

TIL GÓÐS



... og ef við hlaupum fjórir saman ...

... þá náum við heilu maraþoni ...

Það er lítið mál að hlaupa tíu kílómetra ...



HRIKALEG AÐKOMA Ekki er útilokað að hundarnir hafi verið í rúman sólarhring í beitarhólfinu.

MYND/GKS

Eigandi dýrbíta ætlar að greiða eigendum skaðann:

Hundarnir drápu 29 lömb og sjö kindur

LÖGREGLUMÁL Hundarnir tveir sem réðust á fé í beitarhólfi við Þórð-arkot í Eyrarbakkaheppi 9. júní drápu alls 29 lömb og sjö kindur. Sumt af fénu var dautt þegar að var komið en öðru þurfti að sálga vegna bitsára.

Sigurður Nilsen, einn eigenda fjárhópsins, segir að eigandi hundanna, sem voru af Boxer-kyni, eigi nú í viðræðum við lögregluna á Selfossi um bætur vegna fjárins. Sigurður hefur gert kröfu um að fá 600 þúsund krónur í bætur. „Ég kastaði fram þessari tölu til að segja eitthvað. Skaðinn er auðvitað miklu meiri en það,“ segir Sigurður sem tekur fram að endanlegur

skaði hans komi ekki í ljós fyrir fénu verður smalað í haust.

Það voru fangar frá Bitru, sem voru við girðingarvinnu stutt frá beitarhólfinu, sem fyrst gerðu viðvart um að dýrbítarnir væru í fénu. Í hólfinu voru 50 til 60 ær með lömb.

Hundarnir voru skotnir á staðnum þegar Sigurður vitjaði um féð. Þeir voru örmerktir og því auðvelt að finna eiganda þeirra.

Sigurður segir að hundarnir hafi rekið lömbin undan kindunum og það eigi eftir að koma í ljós hvort lömb og ær nái saman aftur. Þrjú lömb elur Sigurður heima eftir atvikið.

- shá

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 29. STARFSÁR - Í SAMVINNU VIÐ SUMARTÓNLEIKA Í SKÁLHOLTI
HALLGRÍMSKIRKJA'S FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 29TH SEASON - IN COLLABORATION WITH SKÁLHOLT SUMMER CONCERTS 2011

Í ÖRMUM DRAUMS

TÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU MÁNUDAGINN 4. JÚLÍ KL. 20

IN THE ARMS OF A DREAM

CONCERT IN HALLGRÍMSKIRKJA MONDAY JULY 4 2011 AT 8 PM



SCHOLA CANTORUM
Félagar úr Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag
Chamber choir of Hallgrímskirkja
and members of the Hague International
Baroque Orchestra

Konsertmeistari/Leader: Tuomo Suni (Finland)
Diego Nadra (Argentina) barokkóbó/baroque oboe,
Elfa Margrét Ingvadóttir sópran
Guðrún Edda Gunnarsdóttir alt
og Benedikt Ingólfsson barítón




Stjórnandi/Conductor:
Hörður Áskelsson Music
Director of Hallgrímskirkja



Efnisskrá/Programme:



Hafiði Hallgrímsson: Sónhenda LXXVII
texti: Michelangelo Buonaroti – þýðing: Þorsteinn Gylfason
(frumflutningur í Skálholti/ World première in Skálholt July 2 2011)
Í minningu Helgu Ingólfsdóttur / In memoriam Helga Ingólfsdóttir



J.S. Bach: Cantata BWV 156 Ich steh mit einem Fuss in Grabe
fyrir einsöngsradir, óbó og strengi / for solo singers, oboe and strings

J.S. Bach: Mótettur fyrir tvo kóra /Motets for two choirs;
Singet dem Herrn ein neues Lied BWV 225 and Der Geist hilft BWV 226

Miðaverð/Admission 3000 ISK

Ticket sale in Hallgrímskirkja tel. 510 1000 open 9am -8 pm every day
www.listvinafelag.is.



... og söfnum fyrir

Barnspítala Hringins á meðan

Skráning er hafin á marathon.is

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni Menningarnætur, 20. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi, allt frá Latabæjarhlaupi fyrir börnin og upp í heilt maraþon.

Boðhlaup – hlaupu maraþon með félögum þínum

Gerðu Reykjavíkumaraþonið þitt enn skemmtilegra. Í boðhlaupi taka 2-4 sig saman og skipta heilu maraþoni á milli sín. [Nánar á \[marathon.is\]\(http://marathon.is\)](http://Nánar á marathon.is).

Hlaupastyrkur – hlaupum til góðs

Þú getur látið gott af þér leiða með hlaupinu. Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali með því að fá vini og vandamenn til að heita á þig.

28 REYKJAVÍKUR
ARA MARAÞON
ÍSLANDSBANKA
20. AGÚST 2011

Íslandsbanki

- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

Stjórnarráðið þarf að vanda svör til Alþingis.

Ráðherrann og fyrirspyrjandinn

Fyrirspurnir alþingismanna til ráðherra eru mikilvægur þáttur í aðhaldi þingsins með framkvæmdarvaldinu. Þessi réttur þingmanna er þó stundum misnotaður; stundum liggja svörin þegar fyrir og stundum spyrja þeir spurninga sem leiða af sér mikla vinnu fyrir ráðuneytin án þess að við blasi að upplýsingarnar skipti miklu máli.

Núverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, þekkir fyrirspyrjandahlutverkið vel. Þegar hún var í stjórnarandstöðu lagði hún einu sinni fram 107 fyrirspurnir á 17 mánuðum, frá október 2003 fram til febrúar 2005. Þá var reiknað út að þetta væru hátt í fjórar fyrirspurnir á hverri viku sem þingið sat og að færðu sex vinnustundir að meðaltali í að svara hverri þyrfti stjórnarráðið að hafa tvo deildarsérfræðinga í því verki einu að undirbúa svör til Jóhönnu.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Nú hefur Ríkisendurskoðun slegið á fingur forsætisráðherra fyrir slæg vinnubrögð við að svara fyrirspurn frá stjórnarandstöðuþingmanni. Fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um verktakagreiðslur stjórnarráðsins til starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands var ekki tilefnislaus, því að auðvitað á þingið og almenningur rétt á að vita hvernig fé skattgreiðenda er varið, og ekki átti að vera erfitt að svara henni; upplýsingarnar eru í bókhaldi ráðuneytanna. Ríkisendurskoðun telur að samt hafi forsætisráðuneytið klúðrað svarinu, án þess þó að upplýsingum hafi vísitandi verið leynt. Stofnunin leggur til ýmsar breytingar á verklagi svo veita megi Alþingi sem nákvæmastar upplýsingar.

Tölurnar sem nú liggja fyrir benda ekki til að í greiðslunum felist neitt hneyksli sem hefði þurft að fela. Viðbrögð forsætisráðherra við aðfinnslum þingmannsins við hið upphaflega svar eru hins vegar umhugsunarverð. Í bréfi sem Jóhanna skrifaði Alþingi og Ríkisendurskoðun í janúar var hún sármóðguð í garð Guðlaugs, sem hafði komið auga á misræmi í tölunum. Jóhanna sagði aðfinnslurnar „alvarlegri en gengur og gerist því þingmaðurinn sakar forsætisráðherra landsins beinlínis um að leyna þingið vísitandi upplýsingum“. Slíkt væri „í besta falli kjánalegt“.

Þingtíðindin muna allt sem sagt er á Alþingi, þar á meðal orð Jóhönnu Sigurðardóttur sem var öskuill í ræðu 20. nóvember 1996 yfir svári við fyrirspurn sinni um húsnæðismál frá Páli Péturssyni, þáverandi félagsmálaráðherra. Jóhanna kallaði svörin „ámælisverð og ófyrirleitin“. Þar kæmu fram „villandi og beinlínis rangar upplýsingar þannig að við jadrar að um beina fólsum á staðreyndum sé að ræða“ – og svo alvarlegir hlutir að jafna mætti við „hreina valdníðslu“. Jóhanna taldi fulla ástæðu til að Ríkisendurskoðun legði mat á svar ráðherrans.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ráðherrann Jóhanna lendir í vandræðalegri mótsögn við stjórnarandstöðuþingmanninn Jóhönnu. Hefði hún ekki átt að spara stóru orðin og leggja bara áherzlu á að stjórnarráðið vandaði sig betur við að svara fyrirspurnum þingmanna?



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Deilan um „óreiðumannastefnuna“

Lítið jafnvægi er í Evrópu-sambandsmæðunni. Aðildarandstaðan hefur skýrt markmið og lýtur sterkri pólitískri forystu sem hefur verið miklu fyrirferðarmeiri en ríkisstjórnin. Aðild er á hinn bóginn ekki markmið ríkisstjórnarinnar. Hún ber aðeins embættislega ábyrgð á að framkvæma ákvörðun Alþingis um aðildarviðræður sem samþykkt var án sameiginlegs skilnings um markmið.

Innan ríkisstjórnarinnar er aukheldur alvarlegur ágreiningur um hvernig staðið skuli að viðræðunum. Fyrir þá sök er enginn í stöðu til að taka pólitíska forystu í málinu á breiðum grundvelli. Þörfin



ÞORSTEINN PÁLSSON

fyrir hana er þó augljós. Þrátt fyrir þetta vill Alþingi og nærri helmingur þjóðarinnar halda viðræðunum áfram og meirihluti nei-hliðarinnar í skoðanakönnunum hefur heldur minnkað.

Þetta vekur spurninguna: Hvers vegna hefur aðildarandstaðingum ekki tekist að nýta þessa stöðu til að ná meiri árangri? Svárið gæti legið í því að röksemdafærsla þeirra þyki rista grunnt. Öll flókin mál þarf vissulega að setja í

einfaldan búning fyrir almenna umræðu. Mestu máli skiptir hins vegar að einföldunin sé í jarðsambandi við veruleikann.

Einföldun Evrópuandstaðinga er þessi: Ísland valdi eitt ríkja rétta leið með því að hafna alfarið að ábyrgjast skuldir óreiðumanna og hefur hagnýtt sér óskoraðan fullveldisrétt yfir eigin gjaldmiðli til að efla útflutning. Leið Evrópu-sambandsins er að þvinga þjóðir til að ábyrgjast skuldir óreiðumanna og hefta útflutningsvöxt með sameiginlegum gjaldmiðli.

Í þessum búningi veltur aðildarspurningin fyrst og fremst á afstöðu til óreiðumanna og krónunnar.

Jarðsambandið við veruleikann

Þá má spyrja: Eru þessar einföldu fullyrðingar í einhverju jarðsambandi við veruleikann? Í nýrri skýrslu OECD kemur fram að Írar gengu langsamlega lengst allra þjóða í að ábyrgjast skuldbindingar banka. Ísland er í öðru sæti á þeim lista en ekki utan hans.

Ákvarðanir Íra voru teknar áður en ESB og AGS gátu sett skilyrði fyrir aðstoð sem kom síðar til. Ákvarðanir Íslands voru

teknar bæði í tíð fyrri ríkisstjórnar og þeirrar núverandi og eins í tíð fyrri og núverandi yfirstjórnar Seðlabankans.

Stærsta einstaka ábyrgð íslenskra skattborgara samkvæmt mati OECD var vegna svokallaðra ástarbréfa Seðlabankans. Sú fyrirgreiðsla var veitt stóru bönkunum eftir að seðlabankastjórnin hafði að eigin sögn varað ríkisstjórnina við að ekki væri unnt að bjarga þeim frá falli. Seðlabankastjórnin ver sig með því að þetta

var nákvæmlega það sama og aðrir seðlabankar í Evrópu voru að gera. Það er satt og rétt.

Nokkru fyrir fall bankanna þrýsti Seðlabankinn á ríkisstjórnina að yfirtaka ábyrgð á öllum skuldum Glitnis með nýju hlutafé frá skattborgurum. Sú aðgerð mistókst illilega. En bankastjórnin ver sig með því að seðlabankar og ríkisstjórnir í öðrum Evrópuríkjum voru í óða önn að gera það sama. Það er líka satt og rétt.

Eðlisþyngd nýju fata keisarans

Þáverandi bankastjórn Seðlabankans og fyrrverandi fjármálaráðherra sömdu um lánafyrirgreiðslu frá AGS, nokkrum ESB-rikkjum og Noregi með mjög ströngum skilyrðum um aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum og peningamálum. Þetta var í eðli sínu sams konar aðstoð og Grikkland og Írland fá nú frá ESB og AGS og með sams konar skilyrðum nema að þar eru engin gjaldeyrishöft í spilunum.

Fyrir hrun krónunnar var bankastjórn Seðlabankans ekki í færnum um að nýta fullveldisréttinn yfir krónunni í þágu útflutningsgrein-

anna. Ástæðan var fyrst og fremst sú að á alþjóðlega opnum fjármálamarkaði eru aðrir kraftar sterkari. Af sömu ástæðu gat bankastjórnin ekki komið í veg fyrir hrun krónunnar með þeim afleiðingum sem allir þekkja fyrir efnahag fyrirtækja og heimila.

Után sem innan ESB eru þjóðir einfaldlega hver annarri háðar í peningamálum. Falli evran fellur krónan. Eftir hrun er meiri útflutningshagvöxtur á Írlandi með evru en á Íslandi með sjálfstæða krónu. Samkeppnisvandi Grikkja stafar meir af skipulagsbrestum í ríkis-

rekstri og atvinnulífi en of háum launum sem lækka þyrfti með gengisfellingu.

Þegar öllu er á botninn hvolft hafa Ísland og þau ríki ESB, sem lent hafa í mestum erfðileikum, ekki farið svo ólíkar leiðir. Og bæði hér og þar er óvissa um árangur þó að Grikkir standi sennilega verst að vígi. Þessar staðreyndir eru ekki nýjar af nálinni. Þær blasa við hverjum sem fylgist með helstu fréttum. Einmitt þess vegna virðist röksemdafærsla aðildarandstaðinga virka á marga eins og hún hafi sömu eðlisþyngd og nýju fötin keisarans.

TRÚLOFUNARHRINGAR

falleg minning á fingur



JÓN & ÓSKAR 1971-2011

www.jonogoskar.is

LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Frettablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Frettablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ísland og ESB – leiðin fram undan

ESB-aðild

Árni Þór Sigurðsson

formaður utanríkis-
málanefndar Alþingis



Formlegar viðræður Íslands við Evrópusambandið um hugsanlega aðild hófust nú nýverið á ríkjaráðstefnu. Þar voru teknir fyrir fjórir samningskaflar af 35 alls og þar af var umræðum lokið um tvo kafla. Áður hafði samningsafstaða íslenskra stjórnvalda verið mótuð í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Fram undan er þó strembin vegferð þar sem tekist verður á um margvísleg grundvallaratriði og ríka hagsmuni.

Umdeilt mál en sterkur grunnur

ESB-aðild er umdeild hér á landi. Skoðanakannanir undanfarin ár hafa m.a. endurspeglad hversu umdeilt málið er en jafnframt leitt í ljós að afstaða þjóðarinnar breytist frá einum tíma til annars. Engu að síður hefur núverandi stefna, að ljúka aðildarviðræðum og bera niðurstöðuna undir þjóðina, átt miklu fylgi að fagna skv. könnunum. Ætti það að vera kappsmál bæði þeirra sem fyrirfram eru andsnúnir aðild að sambandinu og eins hinna sem eru aðild hliðhollir. Fyrir hinn stóra hóp þjóðarinnar sem hefur ekki gert upp hug sinn er brýnt að viðræðum verði lokið og niðurstaðan um kosti og galla liggi fyrir með óbyggjandi hætti og á grunni hennar verði unnt að taka málefnalega afstöðu til málsins.

Ísland mætir til þessara viðræðna vel undirbúið og byggir þar á vandaðri vinnu fjölmargra, bæði fulltrúa ráðuneyta og stofnana en einnig og ekki síður ýmissa hagsmunaaðila sem leggja mikilvægan skerf til góðrar undirstöðu. Einnig skiptir hér máli að Ísland hefur verið þátttakandi í evrópsku samstarfi innan EES um langt árabíl, notið þess ávinnings sem það býður upp á en um leið kostað því til sem samstarfinu fylgir. Aðalsamninganefnd Íslands og einstakir samningahópar eru vel skipaðir færur og samvissusömu starfsfólki sem hefur það eitt að leiðarljósi að skila góðu verki og ná sem bestri samningsniðurstöðu út frá íslenskum hagsmunum. Viðræður Íslands við ESB byggja þannig á sterkum grunn.

ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

5 prósent eru of mikið

Þegar allir frá Vinstri flokknum til Íhaldsflokksins eru sammála um hvað gera þarf mætti ætla að eitt-hvað sé annaðhvort kolrangt eða hárrétt. Allir krefjast niðurskurðar í fjárlögum ESB fyrir árin 2014 til 2020. En framkvæmdastjóri ESB, José Manuel Barroso, vill eyða. Það er stríðsástand á götum Grikklands. Í Evrópu leitar fólk örvæntingarfullt eftir vinnu sem ekki er að fá. Á Spáni, í Portúgal, á Írlandi og í Bretlandi hafa menn þegar bitað í hið súra epli og skera nú mikið niður. Kreppuáðgerðirnar hafa þegar verið óheyrilega kostnaðarsamar og enn vitum við ekki hvaða útgjalda er að vænta í framtíðinni.

Í slíku ástandi er bæði rangt og pólitískt ögrandi að leggja til 5 prósentu aukningu á fjárlögum.

www.svd.se/opinion

Úr leiðara Svenska Dagbladet

Einkastríð á hafinu

Stjórnin hefur nú samþykkt að vopnaðir verðir megi vera um borð í skipum skráðum í Noregi. Ástæðan er sú að alþjóðlegum skipaferðum, þar á meðal norskum, stafar sífellt meiri ógn af sjóræningjum á Indlandshafi og í Adenflóa. Það hefur ekki verið auðvelt að taka þessa ákvörðun.

www.aftenposten.no/meninger

Úr leiðara Aftenposten

Umræða í ójafnvægi

Því miður hefur ESB-umræðan hins vegar verið á brauðfótum. Þar tókast hin breiðu spjótn, pólitískur rétttrúnaður í hávegum hafður, upphröpanir og aðdróttanir gagnvart þeim sem hafa aðra skoðun eða vilja nálgast málið frá ólíku sjónarhorni. Samherjar tortryggðir. Eiginleg rökræða, þekkingaröflun og greining er gjarnan víðs fjarri. Úr ranni þeirra sem eru eindregnir stuðningsmenn aðildar heyrir gjarnan bábiljan um að aðild muni leysa hvern vanda þjóðarinnar en úr öndverðri átt ber-

ast formælingar um að aðild þýði endalok sjálfstæðis þjóðarinnar. Að mínu mati á hvorugt við rök að styðjast.

Þjóðmálaumræðan þarf að dýpka og breikka í tengslum við ESB-álitamálið. Við þurfum að skoða til hlitar hvaða breytingar hafa orðið á Evrópusambandinu undanfarin 10-15 ár, frá því að vera „klúbbur“ nokkurra ríkra þjóða yfir í að vera umfangsmikill samstarfsvettvangur meirihluta Evrópuríkja, bæði þeirra sem vel standa og eins annarra sem verr eru sett. Ennfremur þarf breytingar sem felast í því

að áhrif Evrópuþingsins hafa aukist á kostnað framkvæmdarvaldsins og sömuleiðis þær hremmingar sem ganga yfir nokkur ESB-ríki og evrusvæðið. Um leið þarf að kryfja til mergjar hvaða leiðir eru færar fyrir íslenskt samfélag eftir efna-hagshrunið því aðstæður hér á landi hafa vissulega líka tekið miklum breytingum að undanfögnu.

Farsæl framtíð

Mín afstaða er eindregið sú að við eignum að ljúka aðildarviðræðum við ESB, helst sem allra fyrst, og leggja okkur fram um að ná sem

bestri samningsniðurstöðu. Á þann hátt getum við gengið úr skugga um hvað raunverulega felst í aðild, hvaða kostir fylgja henni og sóknarfæri, en einnig hvaða gallar og fórnir eru aðild samfara, hvað ávinnst og hvað tapast. Þannig getur hver og einn lagt heildstætt mat á það hvort hann telur hagsmunum þjóðarinnar til lengri tíma lítið betur borgið utan eða innan Evrópusambandsins. Það skiptir okkur öll miklu máli að hvor leiðin sem þjóðin velur þegar hún tekur afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu verði Íslandi til farsældar.

SUMARKVÖLD Í HÖRPU 8.-10. JÚLÍ

TÓNLEIKAR Í ELDBORG



8. júlí kl. 20.00

**Einleikarar:
Maxim Vengerov
og Maria João Pires**

Stjórnandi: Maxim Vengerov

Hljómsveit: St. Christopher hljómsveitin

Beethoven: Rómansa í F-dúr

Beethoven: Píanókonsert nr. 4 í G-dúr op. 58

Tchaikovsky: Serenaða op. 48

9. júlí kl. 20.00

**St. Christopher
hljómsveitin**

Stjórnandi: Donatas Katkus

Verk eftir: Haydn, Ciurlionis, Elgar og Grieg

10. júlí kl. 20.00

Maria João Pires

Franz Schubert: Sónata nr. 6

og Silungakvintettinn í A-dúr op. 114

ásamt Art Vivo strengjakvartettinum

Einstakir tónlistarviðburðir!

www.harpa.is



HARPA
TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚSIÐ
Í REYKJAVÍK

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

ÓDÝRARI Í TUTTUGU OG TVÓ ÁR

BÓNUS BRAUÐSALAT 198 KR.



TÚNFISKSALAT- LAXA OG RÆKJUSALAT -HANGIKJÖTSSALAT 200G

KALDAR GRILLSÓSUR



198 KR.

PIPARSÓSA- HVÍTLAUKSSÓSA

527 9000

UPPLÝSINGA & ÞJÓNUSTUSÍMI

Þarftu að ná sambandi við Bónus?



BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 250 ML

159 KR. 3 FERNUR



EUROSHOPPER ORKUDRYKKUR 250ML
69 KR.
MEÐ EÐA ÁN SYKURS



GOSDÓS 33 CL
69 KR. STK



NAUTA Veisla

FROSNIR NAUTA-HAMBORGARAR

RISA 4x175g **998 KR.**

10x100g **1398 KR.**



139 KR. 4 stk
HAMBORGARABRAUÐ



598 KR. 3 kassar

GÓU ÞRENNAN PRINSBITAR - ÆÐIBITAR - HRAUNBITAR



179 KR. 300g

KEX MEÐ MJÓLKURSÚKKULAÐI



COCONUT OG CHOC CHIP **98 KR. 150g**



CRUNCHY CHOCOLATE **98 KR. 120g**



COKE 2 LTR.
195 KR.
ZERO & LIGHT



PEPSI 2 LTR.
195 KR.
CLASSIC & MAX



FJÓRAR COKE 1.5 LTR.
659 KR.
SAMTALS 6 LTR.



EGILS APPELSÍN
195 KR.
2 LTR.



TÍU SS VÍNARPYLSUR 579 KR.

SS PYLSUR 10 STK. 560 GRÖMM 579 KR. PAKKINN

30 ÞÚSUND PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI



YUM YUM NÚÐLUR 70G 98 KR.



139 KR. 5 stk

BÓNUS PYLSUBRAUÐ



FLORIDASAFI
195 KR. 1LTR


AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1989-2011

**SAMA VÖRUVERÐ Í ÖLLUM
VERSLUNUM BONUS UM LAND ALLT**



1698 KR.KG

**K.F GRILL LAMBALÆRISSNEIDAR
VILLIJURTA-KRYDDAÐAR**

KJARNAFÆÐI

**ÍSLENSKAR
BLÓÐBERG,
BIRKILAUF,
AÐALBLÁBERJALYNG
OG EINIÐ.
KRYDDJURTIR**



1298 KR.KG

Íslenskt **HEIÐALAMB** með villtum Íslenskum kryddjurtum



998 KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



1998 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



**NÝBAKAÐ Í
VERSLUNUM BONUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK**



**HOLTA
FURELDABÚIR
KJÚKLINGA
VÆNGIR
459 KR.**

HEIL FATA 960g
ÞARF AÐEINS AÐ HITA

ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!

**ALI SPARERIBS
1159 KR.KG.**



ÞARF AÐEINS AÐ HITA



279 KR. 700g

**ÞYKKVABÆJAR, FORELDAÐAR
GRILLKARTÖFLUR 700g**



1998 KR.KG

**NORÐANFISKUR- FROSNIR
GRILL-LAXABITAR FORKRYDDAÐIR
BEINHREINSAÐIR M.ROÐI**



Norðanfiskur: Íslensk
bleikja beinhreinsuð
með roði

1598 KR.KG

**NORÐANFISKUR FROSNIR
BLEIKJA BEINHREINSUÐ MEÐ ROÐI**



TILBÚINN Á GRILLIÐ

298 KR. 300g

FERSKUR AMERÍSKUR MAÍS



1398 KR. KG

ÞÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR



**ÍSLENSKIR BLÓMVENDIR
898 KR BUNTIÐ.**



298 KR. 9 stk

**BÓNUS SMÁHRINGIR
MEÐ SÚKKULAÐI EÐA SYKRI**



DVD MARKAÐUR

989 kr. stk

YFIR 100 TITLAR Í BÓÐI!

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungla
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

Hrædd við snertiskjásíma

Allir verða að betri manni við að spjalla við Pál Óskar. Þetta er mat **Björns Braga Arnarssonar** og **Elísabetar Jökulsdóttur**. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hlustaði á þau skipuleggja plank á plani Samherja.

Á RÖKSTÓLUM

Þið segist ekki þekkja hvort annað, en hefur þú, Elísabet, lesið viku- blaðið Monitor sem Björn hefur rit- stýrt undanfarin tvö ár? Og þekk- irðu bókmenntaverk Elísabetar, Björn?

Elísabet: Nei, ég vissi ekki að Monitor væri til fyrr en við ákváð- um að hittast, en þó klingdi það einhverjum bjöllum. Synir mínir voru ægilega hneykslaðir yfir því. Þeir sögðu mér að Monitor væri stuðblað. Svo las ég það loks í gær og er bara svakalega hrifin, sér- staklega af forsíðunum – mjög flottar og mikill karakter í þeim. Einnig talaði ég við vin minn nú í morgun, Heiðar Sumarliðason leik- stjóra, og hann sagði að þetta væri hnakka- og skinkublað. Sonur minn hlýtur þá að vera hnakki ef hann les blaðið og ég sagði Heiðari að hann skyldi ekki kalla son minn hnakka. Þá sagði hann; „Bíddu, tók hann ekki þátt í fegurðarsam- keppni?“

Björn: Ég hef alltaf vítað hver Elísabet er og man til að mynda eftir Fótboltasögubókinni hennar. Ég hef reyndar ekki lesið bókina ennþá en ætla mér að gera það. En svo þekki ég tvíbúrasyni hennar, Jökul og Garp, og eru það ekki hennar helstu verk?

Elísabet: Jú, og einn strákur í við- bót, Kristjón.

Þið eruð sitt af hvorri kynslóðinni. Elísabet, veist þú hvað gerðist árið sem Björn fæddist, 1984? Og veist þú Björn hvað gerðist á fæðing- arári Elísabetar, 1958?

Elísabet: Mér finnst eins og það eigi að vera eitthvað sem ég ætti að muna frá árinu 1984 en ég man eiginlega ekkert nema að tvíbúr- arnir mínir fæddust. Maður þarf að gúgla þegar maður á að muna svona langt aftur.

Björn: Ég man þrennt frá fæð- ingarári Elísabetar. HM í knatt- spyrnu var haldið í Svíþjóð og Pelé sló þar í gegn, 17 ára gamall, og Boris Pasternak hlaut bókmennta- verðlaun Nóbels. Michael Jackson fæddist...

Elísabet: Mundirðu þetta?

Björn: Já, þetta var mitt sérsvið innan Gettu betur liðsins í mennta- skóla – Nóbelsverðlaun og eitthvað svona dót.

Elísabet: Geturðu þá sagt mér hvort að ég fái Nóbelsinn? Eins og árið 2030 og eitthvað?

Björn: Ég get því miður ekki spáð í framtíðina en get sagt ykkur að þetta er mjög grunnur fróðleikur. Maður lærði sigurvegara og ártöl en ef þið farið að kryfja mig um Pasternak veit ég ekki annað en að hann skrifaði doktor Sívagó. Ég veit ekkert um Ísland á þessum tíma.

Elísabet: Steinn Steinarr dó árið 1958.

Björn: Hann hefur þá bara verið fimmtugur eða hvað?

Elísabet: Rétt. Mér fannst það all- af svo dramatískt að hann skyldi deyja á árinu sem ég fæddist, mig langaði alltaf svo að hitta hann. En þú getur þá kannski hjálpað mér með mína spurningu, hvað gerð- ist árið 1984? Voru ekki einhver stjórnarskipti?

Björn: Voru það þá Ólafur Jóhann- erson og Geir... hvers son er hann...?

Elísabet: Hallgrímsson.

Björn: Já, var ekki ríkisstjörn Ólafs skipt út fyrir ríkisstjörn Geirs?

Elísabet: Eða var það ekki öfugt – Geir út fyrir Ólaf?

Björn: (Við blaðamann) Seturðu þetta nokkuð í viðtalið?

Hrina verðhækkana er fram undan að sögn hagfræðings Alþýðusam-



HVAÐ ER PLANK? Björn Bragi Arnarsson blaðamaður útskýrði plank fyrir Elísabetu Jökulsdóttur. „Nú er meira að segja verið að birta myndir af mönnum eins og Guðna Ágústssyni að gera þetta,“ sagði Björn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

bandsins. Ef þið mættuð gefa hverju heimili í landinu fokdýra munadarhluti – hvað mynduð þið setja í þakkann?

Björn: Íþróttaskó, hlaupagalla, iPod, úr og Labrador-hund svo allir fari út að hlaupa. Ég hef svo mikla trú á að útivera og hreyfing sé besta meðalið við allri vanlíðan. **Elísabet:** Gæti ég fengið Siberian husky? Mínn gæti yrðu að fjar- lægja lúpinurnar af Mýrdalssandi og gamall Nokia-sími. Af hverju? Þeir eru bara svo æðislegir. Ég verð líka bara hrædd þegar ég sé svona síma með snertiskjá eins og Björn er með. Ég er búin að eiga minn Nokia í 10 ár og Páll Óskar líka. Ég myndi einnig vilja gefa íslenskum fjölskyldum það að vera ástfangnar, sjá fegurðina, verða jafnvel reiðar og prófa að setja mörk. Finna hina innri hreyfingu.

Í kjölfar gagnrýni hefur verið ákveðið að hætta við námskeið sem halda átti fyrir stúlkur á aldrinum 8-15 ára. Á þeim átti að fræða stúlkurnar um litafræði, hárgreiðslu, hand- og fótspyrtingu, snyrtimennsku, göngu og líkams- burð, dans og borðsiði. Hvernig sæjuð þið fyrir ykkur svona skóla og hvaða kona gæti kennt prins- essufræði? Er til hinn íslenski prins?

Elísabet: Ég var einu sinni kölluð Prins Elísabet.

Björn: Var það vegna þess að þú reyktir Prins?

Elísabet: Jú, þú ert útsmoginn. En prinsessuskóli finnst mér bara góðra gjalda verður af því að stelp- ur og allir hafa gaman af því að vera fínir. Þið sjáið til dæmis að núna, fyrir þessa myndatöku, hélt ég að það væri bara ég sem þyrfti að fara á klósettið til að varalita mig en Björn fór líka.

Björn: Ég fór samt ekki til að vara- lita mig!

Elísabet: Nei, en svona aðeins til að laga hárið sko. En í Prinsessuskóla þyrfti líka að vera Línu langsoxks bekkur þar sem stelpum væri kennt að brjóta reglur og klæða sig eins og druslur og þá væri hægt að blanda þeim lærdómi öllum saman.

Ástæðan fyrir því að Shakespeare er svona vinsæll er að hann kunni að blanda. Ein fullkomin lína virk- ar bara ekki. Prinsessa sem kann að vera óþekk hefur miklu meira aðráttaraf.

Björn: Þetta prinsessuskólama- l var allt frekar klaufalegt en ég held að þessi kona hafi ekki meint neitt illt með þessu, þetta var svolítt stormur í vatnsglasi. En ég er með manneskjuna til að kenna prinsessu- og prinsahæðun. Það

djúpa og merkilega statusa setti inn í morgun: „Ég er vöknud“. Þetta er það auvirdilegasta sem ég hef sett inn. Hins vegar setti ég „Ekki fara í útlegð frá bestu hlið- um sjálfs þíns“ í gærkvöldi.

Björn: Minn síðasti er „Hverjum er ekki Osama þótt Obama sé til ama á Bahama“ en hann er frá 4. maí. Ég fékk ekki nógu mörg læk á hann fyrir minn smekk.

Elísabet: Í fyrradag skrifaði ég „Hvað er perringur á ensku?“. Ég



Í fyrradag skrifaði ég „Hvað er perringur á ensku?“. Ég lít á Facebook-stöður sem svona veiði og hélt í því ljósi að ég fengi

ekkert á þetta en ég fékk einhverjar 30-40 athugasemdir frá alls konar frægu fólki.

er Páll Óskar í bæði hlutverk því hann er náttúrulega bæði prins og prinsessa Íslands og einhver heil- steypasti karakter sem ég hef talað við. Bæði ótrúlega flottur í útliti, heill, með hlutina á hreinu og rétta forgangsröðun. Allir verða að betri manneskju við að spjalla við Pál Óskar.

Elísabet: Ég tek undir þetta og ég myndi einnig ráða mömmu í starf- ið. Hún myndi kenna þeim arab- ísku og gera þær af arabískum prinsessum. Prinsessur verða að geta tint kuðunga svo hún myndi fara með þær niður í fjöru. Looloo skott, vinkona mín, gæti líka kennt þeim að búa til prinsu í fjörunni, hlaðna úr grjóti.

Hinn 84 ára gamli Benedikt páfi sextándi setti inn sína fyrstu færslu á Twitter í vikunni. Þið eruð bæði á Facebook, hver er síðasti „status“ sem þið settuð þar inn? Munið þið eftir einhverj- um slíkum sem vakti sérlega mikil viðbrögð?

Elísabet: Ég sem set alltaf svo

lít á Facebook-stöður sem svona veiði og hélt í því ljósi að ég fengi ekkert á þetta en ég fékk einhverj- ar 30-40 athugasemdir frá alls konar frægu fólki, svo sem Helgu Kress og Guðmundi Andra Thors- syni. Þau höfðu öll skoðun á þessu. Það er svolítið traust að setja eitthvað eins og „Lífið er dásamlegt“ – ég fæ fimmtíu læk á það. Svo fékk ég mikið út á það að segjast eiga kærasta.

Björn: Já, allt svona er örugg leið til að fá læk. Einhver ástamál og að pósta frétt um væntanlegt barn. Ég hef ekki lent í því að þurfa að pósta því ennþá, en ég mun örugglega fá mikið á það. Elísabet er að greini- lega að beita stærstu möðkunum í þessari veiði. Svo situr hún pott- þétt bara og bíður eftir að hurra- hrópin yfir „Lífið sé dásamlegt“ hrannist inn. Ég neita að fara auð- veldu leiðina!

Orðið er laust. Þið fáið nokkur orð til að segja hvað sem er, við hvern sem er, í meira en 100.000 eintök- um.

Björn: Ég tileinka þetta pláss tengdapabba mínum, Reyni Guð- jónssyni, sem lést í síðustu viku. Hann er einhver mesti meistari sem ég hef kynnst og kunni öðrum fremur að lifa lífinu og njóta þess. Í minningu hans hef ég eftir orð Nietzsche: „Lífið er hundrað sinn- um of stutt til að láta sér leiðast.“ Hann lifði lífinu vel og skemmti- lega og mér finnst að allir þurfi að hafa þetta bak við eyrað.

Elísabet: Má ég ekki taka undir þetta bara? Ég eignaðist þennan kærasta og þá varð allt svo mikið mál allt í einu. Hvort ég ætti að vera kaldhæðin eða góð eða eitthvað annað? Ég hringdi í vin minn, Óttar Guðmundsson lækni, og spurði hvernig ég ætti að fara að þessu. Hann sagði: „Lífið er svo stutt Elísabet, maður veit aldrei hvenær það er búíð, þannig að þú skalt bara njóta.“

Að lokum. Hafid þið plankað?

Björn: Nei.

Elísabet: Hvað er plank?

Björn: Það er þegar fólk ligg- ur staurbeint á maganum á sem undarlegustu stöðum og lætur taka mynd af sér við athæfið. Nú er meira að segja verið að birta myndir af mönnum eins og Guðna Ágústssyni að gera þetta.

Elísabet: Eins og fólk sé í líkkistu?

Björn: Nei það liggur á hvolfi, á maganum. (Björn tekur upp sím- ann, gúglar með snertiskjánun og finnur þar dæmi um plank. Hann réttir Elísabetu símann og sýnir henni mynd af Guðna Ágústssyni: „Hér er Guðni Ágústson að planka garðstól.“

Elísabet: Ég sá svona mynd af syni mínum á Facebook í gær. Hann var voða undarlegur. Má ég sjá þetta (rýnir í skjáinn) – eins og arm- beygjur?

Björn: Nei, ég er ekki alveg inni í þessu. En ef fólk hefur gaman af þessu er þetta frábært.

Elísabet: Ég ætla bara að planka á þilfarinu hjá Samherja. Ég þarf að selja þeim 5.000 eintök af bókinni minni. Míg langar að kaupa mér bíl.

Björn: Ég sýni Elísabetu stuðning og tek myndina af henni.

Útsöölur!

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

RALPH LAUREN



B&S | Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

POLO RALPH LAUREN

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

gardeur

TINO COSMA

VAN KOLLEM
MADISON PARK · NY

LLOYD

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201



bisgaard



RALPH LAUREN



Lostæti með lækningamátt

Rabarbari hefur fylgt þjóðinni í 130 ár. Jurtin, sem ættuð er frá Mongólíu og Kína, var um aldir nýtt til lækninga. Þurrkuð rabarbararót var keypt dýrum dómum af Evrópumönnum og borguðu þeir þrefalt meira fyrir hana en aðra þekktu lækningajurt, ópíumvalmúa. *Svavar Hávarðsson* komst að því að ekki er rabarbari bara góður til átu heldur hentar líka til skordýraeitursgerðar.

Stórum hluta þess rabarbara sem hvarf með óútskýrðum hætti á Stöðvarfirði á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var stolið af mér og mínum vinum. Það er orðið tímabært að viðurkenna það. Ástæðan var einföld. Stólinn rabarbari er einfaldlega betri á bragðið en sá sem er fenginn með öðrum hætti. Þannig mátti líka fá nær óheftan aðgang að búi húsmæðra því, einhverra hluta vegna, virtist sykurát vera í besta lagi ef við félagarnir vorum með rabarbara í hendinni. Þetta virðist reyndar hafa átt við víða um land.

Bláar, gular og rauðar

Eða ekki var annað að skilja á Degi rabarbarans sem var haldinn í fyrsta skipti í Árbæjarsafni á fimmtudaginn. Fullt var út úr dyrum en Erfðalindasetur Landbúnaðarháskólans í samstarfi við Árbæjarsafn stóð fyrir dagskrá þar sem þess var freistað að vekja athygli á starfsemi Erfðalindasetursins.

Tengingin er ekki augljós; erfðaaúðlindir og rabarbari. Erfðafjölbreytni plantna og dýra er reyndar undirstaða landbúnaðar í heiminum, eins og Áslaug Helgadóttir, prófessor við Landbúnaðarháskólann, útskýrði. „Þessar erfðaaúðlindir fæða okkur og klæða, veita okkur skjól, byggingarefni og ekki síst yndi,“ sagði Áslaug.

Auðvitað er það íslenska búféð sem hér um ræðir. Allir viðurkenna sérstöðu búfjárstofna landsins en leitun er að samfélögum sem byggja sinn landbúnað á eins gömlum merg og sá íslenski. Kýrin, hesturinn, sauðféð og geiturarnar koma þar fremst ásamt hænunni og íslenska fjárhundinum. Hér eru einnig undir nokkrar villtar trjátegundir eins og birkið, og jurtir sem eru sérstaklega hentugar til ræktunar hér á landi og má nefna séríslenskt bygg. Þá eru ónefndar matjurtir eins og kartöflur, bláar, gular og rauðar. Gulrófan, afbrigði kennd við Mariúbakka og Sandvík, er séríslenskt, ýmsir berjarunnar eins og rífs. Og svo rabarbarinn.

Skriptir þetta allt saman einhverju máli, spurði Áslaug og svaraði játandi. Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni segir að okkur beri að vernda og viðhalda þeim auðlindum sem við eigum. Erfðanefnd landbúnaðarins ber ábyrgðina og mikilvægið liggur ekki síst í því að tryggja fæðuöryggi mannkyns sem byggir á þessum sömu erfðaaúðlindum. Erfðaaúðlindir hafa auk þess gildi fyrir sögu okkar og menningu.

Dýrari en ópíum

Rabarbari er af ættkvíslinni rheum og af súruætt. Innan þessarar ættkvíslar eru 60 tegundir af rabarbara, en sá sem okkur kemur helst við heitir rheum hybrid og finnst ekki villtur í náttúrunni. Heiti jurtarinnar er eins eða svipað í öllum Evrópumálum og ýmsar tilgátur eru uppi um hvernig það er tilkomið. Rha er gamalt heiti á ánni Volgu en orðið barbarum vísar til erlends uppruna og oft notað um siðlausu villimenn eða barbara á öldum fyrr.

Þetta kom fram í erindi Vilmundar Hansen, garðyrkju- og þjóðfræðings, sem fór í gegnum sögu rabarbarans bæði hér og erlendis en formóðir rabarbarans sem við þekkjum er að öllum líkindum upprunnin í Mongólíu og Kína. Þar var jurtin fyrst og síðast þekkt sem lækningajurt um aldir, en rötin var talin kynngimögnuð. Rót rabarbara frá Mongólíu og Kína var eftirsótt í Evrópu



PARFAPING Í 130 ÁR Rabarbari hefur verið hluti af sögu og menningu þjóðarinnar í vel á aðra öld. Rabarbari á sér makalaus sögu sem fáir þekkja og erfitt að ímynda sér að rótarduft jurtarinnar hafi um aldir verið ein eftirsóknarverðasta verslunarvara heims. Hér er Dóra Björt Guðjónsdóttir, starfsmaður á Árbæjarsafni, þar sem Dagur rabarbarans var haldinn í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

allt frá tímum Rómverja og Grikkja. Þurrkaðar rætur jurtarinnar voru því mikilvæg verslunarvara og fluttar frá Asíu til landanna við Miðjarðarhaf. Til vitnis um mikilvægi vörunnar var hún tífalt dýrari en vinsælar kryddtegundir og þrefalt dýrari en ópíum. Rótarduftið var talið hreinsandi enda niðurdreifandi hægðalyf hið besta. Neysla þess var almennt talin bæta heilsu og sálarlíf manna og eftirsótt eftir því.

Vilmundur greindi frá því að Evrópumönnum gekk illa að fá lifandi eintak frá Asíu af hinum eina og sanna rabarbara. Marco Polo reyndi mikið að fá keyptar rabarbararætur í ferðum sínum og minnst ítrekað á þá leit í ferðabókum sínum. Það tókst hins vegar ekki og raunverulega vissu Evrópumenn ekki lengst af hvaða tegund þetta var, enda aldrei borið hann augum. Það jók á dulúð jurtarinnar og trúna á lækningamátt hennar. Árið 1782 minnkaði eftirspurn en þá hafði Evrópumönnum tekist að smygla rót frá Kína og rækta jurtina sjálfir, sagði Vilmundur í erindi sínu.

Tröllasúra

Elstu heimildir í Danmörku um rabarbara eru frá því um 1700 en nýting hans var ekki orðin almenn á Norðurlöndunum fyrr en rúmri öld síðar. Hingað til lands barst hann seint og elsta heimild sem Vilmundur hefur rekist á er frá 1883. Rabarbarinn hefur því verið samofinn sögu þjóðarinnar og menningu í um 130 ár.

Nær öruggt má teljast að rabarbari hafi borist hingað með dönskum embættismön-

um, sagði Vilmundur. Þó er hugsanlegt að fyrsti lyfsalinn á Íslandi, Björn Jónsson, hafi getað ræktað jurtina í lækningajurtagardinum á Seltjörnum.

Hans J. G. Schierbeck, sem var landlæknir frá 1882 til 1895, var einn af stofnendum Garðyrkjufélags Íslands gaf út garðyrkjukver árið 1881 og þar nefnir hann tvö rabarbarayrki, eða tegundir, sem hann kallar rabarber upp á dönsku. Vilmundur vill meina að Schierbeck sé faðir rabarbarans á Íslandi svo duglegur var hann að dreifa honum um landið og reka áróður fyrir notkun hans.

Í ritum Einar Helgasonar, Bjarkir, rósir og hvannir, kemur í fyrsta skipti fram heitið tröllasúra. Það kennir Einar skrautrabarbara en rabarbaraheitið er almennt notað um matjurtina. Einar greinir frá því að Bretar hafi verið fyrstir til að borða leggina af jurtinni um aldamótin 1800. Þangað til var rabarbari eingöngu lækningajurt og rötin nýtt.

Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar bregður svo við að mikill áróður var hafður í frammi um ræktun rabarbara. Mælt var með því að sem flestir hefðu hnaus í garðinum hjá sér þar sem rabarbari þótti búbót hin besta. Sama var uppi á teningnum í Bretlandi. Í grein í Búfræðingnum birtist grein þar sem eftirfarandi ráð voru gefin af Vigfúsi Helgasyni: „Það er enginn vafi á því að á rabarbaraframleiðslu má byggja upp verulegan niðursuðuiðnað og konfektíðnað, sérstaklega ef innflutningshöft verða áfram á erlendum ávöxtum og niðursuðuvörum úr ávöxtum. Leggjum því sérstaka alúð við rabarbararæktina á komandi vori.“ Vin-

sældir hans fóru hins vegar dvínandi og ekki rættust spádómar Vigfúsar. Um 1950 komu upp raddir um að rabarbari væri óhollur og varað var við áti hans.

Ráðherrafrú

Óli Valur Hansson, fyrrverandi garðyrkjuráðunautur, ferðaðist um landið og safnaði rabarbarayrkjum í lok níunda áratugarins. Safni hans var komið fyrir við Korpu, þar sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins var staðsett. Þar voru fjögur íslensk yrki, eitt grænlenst og tólf af erlendum uppruna. Óli kenndi þau við fundarstaði til aðgreiningar; Svínafell, Vatnskot, Mývetningur og Bjarnardalur eru þeirra á meðal. Eitt sker sig úr og heitir ráðherrafrú, og er kennt við eiginkonu Ingólfs Jónssonar, fyrrverandi landbúnaðarráðherra frá Hellu. Árið 2000 var hluti af safninu flutt frá Korpu í Grasa-garðinn í Reykjavík til varðveislu.

Lítar garn og drepur skordýr

Rabarbari inniheldur talsvert magn af oxalsýru, – sem gefur hið einkennandi súra bragð. Oxalsýra er í það miklum styrk í rabarbara að hún getur haft óeskilleg áhrif á nýrnastarfsemi og ætti að minnsta kosti ekki að neyta mikils af honum. Banvænn skammtur er um fimm kíló sé hann étinn mjög hratt, sagði Brynhildur Bergþórsdóttir sem hefur nýtt rabarbara með ýmsum hætti og komist að því að möguleikarnir einskorðast sannarlega ekki við át á jurtinni, eins og greinilega kemur fram hér að neðan. Sjá: <http://nakin.blog.is>

SKORDÝRAEITUR ÚR RABARBARA

- Sjóðið rabarbaraluf í vatni í hálf tíma
- Síið
- Blandið sápuflögum saman við
- Notið sem úða á blaðlís og maðk
- Eða notið litunarlög af blöðunum og sápuafganga
- Sjóðið litunarlöginn niður og setjið sápuafganga í hann og látið leysast upp
- Setjið á úðabrúsa
- Hristið brúsan og úðið á blaðlís og maðk
- Ekki láta börn komast í þetta



RABARBARAÍS

- 300 grömm rabarbari
- 1 dl sykur
- ½ dl vatn – ef þarf
- 3 dl rjómi
- 2 eggjaraúður
- 1 tsk. vanillusykur
- 1 msk. flórsykur

- Skerið rabarbarann í bita og setjið í pott með sykrunum og smá vatni ef þarf
- Sjóðið í nokkrar mínútur þar til rabarbarinn er mjúkur
- Takið af hitanum og látið kólna
- Hrærið eggjaraúður saman við flórsykur og vanillusykurinn
- Þeytið rjómann og veltið eggjahærnunni í hann
- Blandið rabarbaranum varlega í rjómann.



- Setjið í ísvél (og fylgið leiðbeiningum hennar) eða setjið í frysti og hrærið endrum og sinnum

RABARBARI SEM LITAREFNI

- Rót/hnýði rabarbarans gefur mjög skemmtilega liti og það þarf ekki festi fyrir garnið
- Rötin er skorin smátt
- Látnu krauma í vatni í 30 mín og kólna svo yfir nótt
- Vökvinn síaður
- Bandið er látið í kaldan litunarlög og hitað varlega upp að suðumörkum (80-85 gráður á celsíus) og látið kólna í litunarleginum yfir nótt
- Litnum má breyta með því að breyta sýrustigi litarins og einnig með því að nota koparlausn og járnlausn til að eftirmeðhöndla garnið



netto
Kræsingar & kostakjör

NÝR TILBOÐS-
BÆKLINGUR
ER KOMINN ÚT!

ALLT FYRIR SUMARFRÍÐ Í NETTÓ



Legend golfsett 6-9 ára **17.998 kr**
Legend golfsett 10-14 ára **17.998 kr**
Legend golfkerra barna **9.998 kr**

TILBOÐ:
GOLFSETT MEÐ KERRU

27.996-kr 19.998 kr

30%
AFSLÁTTUR
AF DÓTI Á DÓTABAR
Í DAG LAUGARDAG

NÝR NAMMIBAR
Í NETTÓ MJÓDD
50% AFSLÁTTUR
ALLA VIKUNA



Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda **30.júní-3. júlí**
eða meðan birgðir endast

AÐEINS



3 PÖR
ÁÐUR: 695

399

**43%
AFSLÁTTUR**

COMPUTER barnasokkar
Góðir barnasokkar í stærðum
16-38. 3 pör saman í pakka.



DELUXE
SKJÓLTJALD

9.995

DELUXE skjóltjald
Sterkt og gott skjóltjald með 3 vængjum
og gluggum. Hælar og stangir fylgja með.
Stærð: 4,0 x 1,4 m.

FERÐAPÚÐI

399



Ferðapúði
Uppblásinn ferðapúði,
frábær ferðafélagi!

**LÁKI leiktjald með
göngum**

Glæsilegt leiktjald
með göngum! Stærð
á indíánatjald: 95 x
95 x 135 sm. Stærð
á göngum: 46 x
150 sm. Stærð á
kúltjald: 120 x
120 x 88 sm.

TJÖLD + GÖNG

3.995



ÁÐUR:
1.995

1.595

Garðálfur
Nokkrar gerðir.
Hæð: 27 sm.

**20%
AFSLÁTTUR**

**FRÁBÆRT
VERÐ!**

DREAMZONE™

FLUG-
DREKI

299

Flugdreki
Lítil og nettur flugdreki.
Fæst í nokkrum mismun-
andi litum.

**FRÁBÆRT
VERÐ!**



STÆRD:
90 X 200 SM.

4.995

PLUS T10 yfirdýna
Eggjabakkalöguð dýna úr kald-
svampi sem eykur þægindi og
vellíðan. Þykkt: 5 sm.

6 PÖR
AÐEINS:

995

Herra- og dömusokkar
Góðir sokkar fyrir dómur og herra.
6 pör saman í pakka. Stærðir: 36-46.

6 PÖR

BORÐ +
2 STÓLAR

8.995



PORTO borð + 2 BRAVA stólar
Garðborð og stólar úr svörtu stáli. Borðið er með glerplötu
úr hertu gleri. Stærð: Ø60 sm. Sessan er fléttuð úr sterku
polyesterefni.

Jutlandia
Artwood

ÓDÝRRAÐI!

TILBODIN GILDA 02.07-03.07



2 STK.
ÁÐUR: 1.995

1.495

2 STK.

**25%
AFSLATTUR**

Hlýrabolir 2 stk.
Góðir hlýrabolir.
2 stk. saman í pakka.
Stærðir: S-XXL. Efni: 95%
bómull og 5% elastan.
Flottir fyrir sumarið!

ALLT SETTID
ÁÐUR: 99.990

69.990



SESSUR FYLGJA

Jutlandia
ÁL

**SPARIÐ
30.000**

mascot

CARPI borð + 2ja sæta sófi + 2 stólar

Stífhreint sett úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni. Flott borð, 2 stólar og 2ja sæta sófi í stíl. Hægt að nota bæði innan- og utan- dyra. Sessur með áklæði sem hægt er að taka af og þvo. Stærð á borði: B53 x L90 x H42 sm.

REGNSLÁ
VERÐ AÐEINS:

99



**FRÁBÆRT
VERÐ!**

BARNA-
REGNGALLI

3.995

**Barna-
regngallar**
Flottir barnaregn-
gallar á stráka og
stelpur. Nokkrir
mismunandi litir
og stærðir fáan-
legar.

1 STK.

499

Geitungagildra
Fæst í fjórum fallegum
litum.

Regnslá
Nett
og góð
regnslá.
Ein stærð.
Nokkrir
litir.



1 PAR
ÁÐUR: 1.295

995

Bilaklossar
Stærðir: 24-29

**23%
AFSLATTUR**

SÆNG OG KODDI

4.995

SYMFONI trefjasæng
Þétt og hlý sæng með ljós-
bláu áklæði með síkksakk
saumi. Fylling: Fingerðar
holtrefjar. Þyngd: 1200
gr. Má þvo við 40°C.
Sæng: 135 x 200 sm.
Koddi: 50 x 70 sm.

**FRÁBÆRT
VERÐ!**



VERÐ FRÁ:

3.995

Ferðatöskur
Fást í 3 stærðum. Lítil **3.995,-**
Miðstærð **4.995,-** Stór **5.995,-**

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



ALVEG Í RUSLI Þessi stóru og miklu vinnutæki virðast lítil og umkomulaus undir þessum ruslahömrum og himni þöktum vargfugli. Þó má sjá að tekist hefur að koma sorpböggjum haganlega fyrir áður en moldin gerir þá að or

Í ríki ruslsins

Urðunarstöðin á Álfsnesi er líklegast sá hluti Reykjavíkur sem fæstir vilja sjá en þar er gas framleitt og hreinsað, sjó dælt á land og mávum fargað í þúsundtali. *Jón Sigurður Eyjólfsson* blaðamaður og *Valgarður Gíslason* ljósmyndari beygðu af þjóðveginum til að líta undur þessa hulda heims.

Líklegast eru flestir því fegnir að urðunarstöðin í Álfsnesi blasir ekki við frá þjóðveginum þegar ekið er eftir honum norðan Mosfellsbæjar. Reyndar þarf að hafa nokkuð fyrir því að sjá háan ruslahauginn sem er samansettur af stórum sorpböggjum sem gröfumadur kemur síðan haganlega fyrir í gryfju mikilli áður en moldin er lögð yfir ósköpin. Sterkur vindur stendur úr norðri svo lyktin hrellir ekki blaðamann þar sem hann stendur norðan við gryfjuna með Guðmari Guðmundssyni staðarstjóra og spyr hann hversu mikið sorp komi til urðunar á ári.

Góðærisorpið meira en þorsk-aflinn

„Svarið við þessu hefði nú verið mun tilkomumeira í góðærinu,“ segir hann. „Þetta hefur dregist verulega mikið saman með minnkandi neyslu. Þegar best lét tókum við á móti hátt í tíu þúsund tonnum á mánuði en núna er þetta á bilinu fimm til sjö þúsund tonn. Við urðum meira að segja að bregðast við þessum samdrætti með því að stytta vinnutímann um eina og hálf klukkustund.“ Þessi samdráttur sést berlega þegar borin eru saman árin 2008, þegar urðunarstöðin tók á móti tæpum tvö hundruð þúsund tonnum, og 2009, þegar komið var með rúm 130 þúsund tonn til urð-

unar. Til samanburðar má geta þess að heildaraflí á þorski var 150 þúsund tonn á síðasta fiskveiðiári.

Ruslið verður að auðlind

Starfið á Álfsnesi gengur út á meira en að koma ruslinu fyrir kattarnef. Þegar sorpið er komið undir fold er borað í jarðveginn og gasinu sem myndast hefur dælt í sérstakri leiðslu í hreinsistöð sem stendur niðri við sjó. Þegar búið er að hreinsa gasið fer það síðan um leiðslu á eldsneytisstöð N1 á Bíldshöfða. „Þetta gas heldur síðan öllum sorpbílum Reykjavíkurborgar gangandi og tveimur strætisvögnum til,“ segir Guðmar. „Reyndar gott betur því við framleiðum um milljón rúmmetra af metangasi á ári enda af nógu að taka eftir allt góðærið. Við leggjum mikið upp úr þessu enda er eftir miklu að slægjast. Einn bensínbíll hefur sömu áhrif á umhverfið og 125 gasbílar. Sem betur fer fjölgar gasbílunum ört.“ Það líða um eitt og hálf til tvö ár áður en jörðin fer að síga verulega um leið og hún andar gasinu frá sér.

Vargfluglinn er ekki svo vitlaus

Þegar komið er norðaustur fyrir hauginn verður rokið illa lyktandi. „Við erum í sérstöku átaki nú til að glíma við þetta enda er íbúðahverf-

FRAMHALD Á SÍÐU 23



GRÖFUMADUR Í GLJÚFRINU Ekki væri vænlegt að vera undir þessu fjórtán metra háa bergi þegar þessi skarnhola verður tekin í notkun. Þessar framkvæmdir eru liður í baráttunni við fnykinn sem kemur af skarni eins og gori, slógi og seyru.



SIJÓRINN LEGGST YFIR RUSLABJARGIÐ Starfsmenn Sorpu dæla tugum tonna af sjó yfir ruslið á dag en sá salti dregur verulega úr fnyknum.

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

júlí 2011

Dýrin heilla

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru haldin afar vinsæl sumarnámskeið. Þar fá krakkar að kynnast bústörfunum og læra að umgangast dýr af virðingu.

SÍÐA 6



Klifra saman

Hrefna Halldórsdóttir og synir hennar, Andri Már og Hilmar, æfa saman í Klífurhúsinu.

SÍÐA 2



Er þitt barn **okkar** barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin“ í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu **okkar.is** og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

okkar



Fótboltahjarta mitt spilar með Írak

Ein skærasta vonarstjarna Knattspyrnufélags Akraness er fjórtán ára flóttamaður frá Írak. Hann var mállaus og ókunnandi á tuðruna þegar hann mætti fyrst á völinn, en með handapati, ósérhlífni og persónutöfrum hefur hann eignast vinfjöld og uppskorið verðlaun fyrir mestar framfarir í sínum aldursflokki í boltanum. Bakir Anwar Nassar stiklar hér á stóru úr lífi sínu á Skaganum.

„Ég er stundum spurður hvort mig langi til að spila með íslenska landsliðinu í fótbolta þegar ég verð orðinn stór og svara því alltaf neitandi. Hví ekki? Jú, vegna þess að allir veldu sitt föðurland ef þeir hefðu tækifæri á slíkri upphæð; landið sem þeir fæddust í og sem kenndi þeim að lifa af. Mitt hjarta slær því fyrir Írak og þar vil ég keppa fyrir land og þjóð, en þess á milli vildi ég

einatt geta spilað með ÍA í framtíðinni,“ segir Bakir á nær lýtalausri íslensku.

Bakir kom til Íslands í hópi tuttugu og níu palestínskra flóttamanna sem dvalið höfðu við illan kost í írösku flóttamannabúðunum Al Waleed. Í hópnum, sem fékk tækifæri til nýs lífs á Akranesi, voru átta konur með 21 barn, sem flestar

FRAMHALD Á SÍÐU 4



Acer Aspire 5750-2414G32Mnkk
• Intel Core i5-2410M SandyBridge
• 4GB DDR3 minni
• 320GB diskur

• Intel HD Graphics 3000 skjákort
• 15,6" WXGA LED CineCrystal skjár
• CrystalEye vefmyndavél
• Windows 7 Home Premium 64-BIT



VIKUTILBOÐ Á FARTÖLVU

119.990

FULLT VERÐ
KR. 139.990

SEX VERSLANIR

ALLTAF BETRA VERÐ

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

Sólveig Gísladóttir
skrifar



Svangir bræður

Félagarnir Kariús og Baktus hafa gert mér lífið auðveldara síðustu mánuði. Eftir að dóttir mín heyrði af tilvist þessara ókræsilegu bræðra varð tannburstunarstundin mikið ánægjulegri. Engar mótbárur heyrast þegar burstinn er nefndur á nafn og ef foreldrarir virðast ætla að gleyma tannhreinuninni er sú stutta fljót að minna þau á. Eini óverulegi ókosturinn er rúfina sem hefur orðið til í kjölfarið.

Dóttir mín er á „af hverju“ stiginu, öðru nafni rassálfa-stiginu. Hún er forvitin um flesta hluti en síðan notar hún þessi tvö stuttu orð líka til að pína út úr foreldrum sínum ítarlegar útskýringar og sögur. Kariús og Baktus rúfina hljómar nokkurn veginn svona og er endurtekin samviskusamlega bæði kvölds og morgna:

Mamma: Jæja nú skulum við bursta tennur!

Dóttir: Akkurru?

Mamma: Svo þær verði hreinar og fínar.

Dóttir: Akkurru?

Mamma: Svo Kariús og Baktus hafi ekkert að borða.

Dóttir: Akkurru?

Mamma: Svo þeir bori ekki í tennurnar þínar.

Dóttir: Akkurru?

Mamma: Vegna þess að þeim finnst það svo skemmtilegt.

Dóttir: Akkurru?

Mamma: Æ, ... af því bara.



Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Haraldur Guðjónsson **Pennar:** Marta María Friðriksdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir **sigridurdagny@365.is**

Jaxon slöngubátur

Frábærir upplásnir bátar með hörðum botni sem pakkast í tösku og smella í skottið á fjölskyldu bílnum ekkert kerra vesen ekkert vesen með að geyma yfir vetur. Pumpa og árar fylgja.

3 STÆRÐIR

290cm **259.000 kr.**


320 cm **279.000 kr.**

360 cm **299.000 kr.**

CE vottaðir bátar og samþykktir af siglingastofnun.

Léttir bátar sem þola allt að 20 hestafna mótör.

Frír Rafmagnsmótör fylgir sem er rúmt hestafli að vermæti 44.950 kr.
Takmarkað magn



Visa raðgreiðslur til 36 mån.
Vaxtalaust Visa lán til 6 mánaða

VEIÐIÞORIÐ

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940

Opið mán.-fös. kl. 9-18. Laugard. kl. 9-16

Opið á sunnudögum í júní, júlí og ágúst.

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT



Bílabvottakústar

2.995



Reiðhjólafestingar á kúlu

F/2-hjól kr. **4.785**

F/3-hjól kr. **9.760**



Bílabónvélar 3 gerðir

frá kr. **4.995**



Úðabrusi 5L

kr. **2.695**



12V Fjöltengi

kr. **1.995**



Straumbreytir 12V->230V

kr. **7.995**



Straumbreytir 230V->12V

3.985

kr. **999**

3.985

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-17, sun. kl. 13-17



Mæðgin Hrefna Halldórsdóttir og Andri Már og Hilmar Ómarssynir æfa saman í Klifurhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samferða á æfingar

Hrefna Halldórsdóttir klifrar upp um alla veggj ásamt sonum sínum tveim. Fjölskyldan fer saman í útilegur til að klifra og er sammála um að klifur sé fjölskylduvænt sport.

Þetta byrjaði allt árið 2006 þegar við vorum að leita eftir heppilegu sporti fyrir Andra Má. Ég mætti með honum á æfingar og fannst þetta spennandi," segir Hrefna Halldórsdóttir, sem smitaðist af klifuráhuga sonarins og fór sjálf að prófa veggina meðan hann var á æfingum. Ári síðar voru hún og yngri sonurinn Hilmar bæði farin að klifra.

„Ég hef reyndar ekki verið nógu dugleg undanfarið en þeir mæta oft saman. Þeir klifra líka mikið úti og við höfum farið í útilegur á Hnappavelli á Örfæum en þar er stærsta klifursvæðið á landinu. Þá erum við bara að dunda okkur fjölskyldan, þeir að klifra og við hjónin að tryggja þá," segir Hrefna, en sá sem „tryggir“ heldur í línuna á jörðu niðri og passar að klifrarinn detti ekki. Sambandið milli þeirra hlýtur því að þurfa að vera gott – hefur klifrið styrkt fjölskylduböndin?

„Já, ég er ekki frá því. Það



Upp um alla veggj Hrefna fór að prófa veggina meðan Andri var á æfingu og fékk þar með klifurbakteríuna.

þarf auðvitað að treysta félaganum, hann er með líf þitt í lúkunum," segir Hrefna. „Við skemmtum okkar alltaf mjög vel saman,“ bætir hún við og Hilmar tekur undir það. „Klifur er líka bara svo fjölbreytt sport, það geta allir verið í þessu. Svo er líka gott að geta fengið far á æfingar,“ segir hann hlæjandi.

„Það bindur fjölskylduna vel saman þegar allir hafa áhuga á því sama,“ segir Andri. „Við tölum mikið saman um klifur og ráðleggjum hvert öðru.“

„Það sem er líka gott er að geta hvers og eins skiptir ekki máli, hver klifrar bara á sínum forsendum,“ segir Hrefna. Þegar hún er spurð hvort klifur sé ekki hættuleg íþrótt hristir hún hausinn en viðurkennir þó að verða stressuð þegar strákarnir leggja á kletta-vegginn.

„Ég fæ stundum hnút í magann en ég held að klifrið kenni þeim að taka ábyrgð og temja sér aga.“ - rat

BARNVÆNT

Stærri Adrenalíngarður opnaður í dag

Stærri Adrenalíngarður verður opnaður á Nesjavöllum í dag. Nú á vormánuðum hefur Adrenalíngarðurinn verið stækkaður og honum breytt þannig að hægt er að velja um þrautir í eins, fimm og tíu metra hæð. Einnig hafa verið settar upp tvær nýjar svífþrautir, sem eru þær lengstu á landinu.

Adrenalíngarðurinn býður upp á afþreyingu og útivist fyrir fjölskylduna. Garðurinn er stór þrautabraut þar sem hægt er að finna ólíkar þrautir í mismunandi hæð. Í þrautaþrautinni eru 45 þrautir í áður-nefndum þremur mismunandi hæðum en hver og einn velur hvar hann vill byrja og síðan er hægt að fíkra sig hærra. Í garðinum er einnig stærsta róla landsins sem er tíu metra há og fólk ræður hversu hátt er farið.

Fritt verður í Adrenalíngarðinn í dag fyrir þá sem bóka á netinu en nánari upplýsingar er að finna á www.adralin.is.



NINGS

Sumar

tílbod

fyrir tvo
eða fleiri

Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu

Ristaðar eggjanúðlur með karrý og edamame baunum

Svínakjöt með Panda orange sósu, hrísgrjón

2 x 0,5l Appelsín

fyrir tvo
3590
krónur

1795 kr. á mann



Ef þú hringir inn pöntun og
sækir færð þú frían Nings-ís



NINGS

og kroppurinn blómstrar



Taktu þátt í facebook leik
Nings og Appelsín og þú getur
unnið garðveislu frá Nings

Læt ekki stjórna mér

„Afi hefur reynst okkur sem besta fjölskylda. Hann hjálpaði mér að flytja, passar krakkana, aðstoðar mig í bankanum og fer með okkur í skemmtiferðir þegar okkur langar í tilbreytingu,“ segir Manal Aleedy, ein flóttakvennanna átta sem komu frá Írak til Akraness haustið 2008.

Manal líkar lífið vel á Akranesi. Hún starfar á leikskólanum Vallaseli og hefur eignast þar góðar vinkonur. Þá hefur hún verið dugleg í íslenskunámi og er nú í ökutímum.

„Mér finnst mikilvægt að læra íslensku og aðlagast íslensku samfélagi. Ég umgengst því íslenskar vinkonur mikið um leið og ég hef þurft að loka á mína nánustu,“ segir Manal og vísar til illskeyttra samskipta við stórfjölskylduna á Facebook, en einnig hinar flóttakonurnar á Akranesi.

„Ég kastaði slæðunni og það féll í grýttan jarðveg. Meðal flóttakvennanna er mikið um baktal og þær reyna að gera mér lífið leitt, eins og fjölskylda mín úti. Því hef ég lokað á öll samskipti, enda lifur mér best einni með börnunum í íslenskri tilveru,“ segir Manal, sem verður 32 ára í sumar.

Hún segir íslamstrú ekki

krefjast þess að hún beri slæðu, og nú klæðist hún buxum og bol, eins og íslenskar konur.

„Ég neita að láta stjórna mér, enda sjálfráða, fullorðin manneskja. Fjölskyldan segir mig ekki tilheyrja henni lengur, því nú sé ég orðin íslensk en ekki arabísk. Móðurbróðir minn skipar mér að giftast vini hans í Bandaríkjunum en ég læt ekki aðra velja mér mannsefni. Ég vil heldur ekki mann né þarf á honum að halda. Hér á ég heimili, börn og hef atvinnu sem skapar mér fjárhagslegt sjálfstæði,“ segir Manal ákveðin.

En hvað ef ástarörvar Íslendinga hitta hana óvænt í hjartastað?

„Það er erfitt að segja og ólíklegt, en enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér,“ svarar hún. „Ég er bara óskaplega sæl með lífið eins og það er, og vegna stuðnings afa, Önnu Láru Steindal hjá Rauða krossinum og íslenskra vinkvenna minna hér lifur mér alltaf betur og betur. Þau stappa í mig stálinu og segja mér að vera sterk og þerra tárin; njóta lífsins og láta ekki aðra segja mér hvernig ég á að lifa lífi mínu. Það eru mannréttindi mín og þannig ætla ég að lifa lífinu í hamingju.“ -þlg



Afi í eldhúsinu hjá Manal Aleedy og „afastelpunum“ Maryam 9 ára og Söru 11 ára. Á myndina vantar „afastrákinn“ Hamody sem er 8 ára og

Gúgglaði arabíski

Hann heitir reyndar Valdimar en er aldrei kallaður annað en afi meðal palestínska flóttafólksins á Akranesi.

„Daginn sem flóttakonurnar komu til Akraness frétti ég að ein þeirra flytti í sama hús og sonur minn bjó í með konu sinni og nýfæddum tvíburum. Því ákvað ég að færa henni blóm og ritaði á blað: „Velkomin á Akranes. Hafðu samband ef eitthvað vantar“. Þetta þýddi ég svo yfir á arabísku með hjálp Google og þannig urðu samskiptin okkar á milli þar til skrið komst á íslenskuna, ásamt handapati við kennslu á þvottavél og önnur heimilistæki, en slík voru konunum framandi úr

heimalandinu,“ segir „afinn“ Valdimar Axelsson.

Forsaga málsins hófst þegar réttmæt afabörn Valdimars byrjuðu að babla og kölluðu á eftir honum: „Afi! Afi!“.

„Það smitaði út frá sér og brátt var allur palestínski hópurinn farn að kalla mig afa. Ég á því orðið ansi mörg afabörn, á aldrinum frá þriggja ára upp í fimmtugt,“ segir Valdimar og skellir upp úr, sáttur við sitt hlutskipti.

„Ég hef bara gaman af þessu, enda mér að meinalausu. Ég hef frjálsan vinnutíma og á létt með að hlaupa undir bagga þegar eitthvað vantar, eins og að skutla krökkunum til og frá skóla í vondum veðrum, passa þau þegar Manal þarf þess með og gera ýmis viðvik eins

og þegar þvottavél og sjónvarp hafa bilað. Þá er vont að eiga engan að, og margar konurnar hafa átt í basli með allt mögulegt svona,“ segir Valdimar sem hefði viljað sjá mun lengri stuðning við flóttafólkið á Akranesi.

„Manal og börnin hafa aðlagast vel, en það á ekki við um alla. Sum börnin eiga erfitt vegna skorts á samskiptum við Íslendinga og gengur hægar að læra tungumálið. Því hefðu allar fjölskyldurnar þurft af eiga „afa“ eða annan „fjölskyldu-meðlim“ sem hauk í horni, því síst þarf minni stuðning eftir að fólk getur farið að tjá sig,“ segir Valdimar, sem lært hefur margt í hlutverki afa.

„Afahlutverkinu fylgir heilmikill félagsskapur og ánægjulegt



Ekki lengur arabísk? Manal Aleedy vill aðlagast íslensku samfélagi sem best en hefur mætt miklum mótbyr fyrir vikið. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

FER FJÖLSKYLDAN FRÉTT Í FRÍÐ? KOMDU Í ÁSKRIFT NÚNA!

KOMDU Í ÁSKRIFT NÚNA OG ÞÚ VERÐUR SJÁLFRÁÐA MED Í POTTINUM! WWW.DISNEYBOK.IS

ALLIR GETA VERID MED OG ÁTT MÖGULEIKA Á UTANLANDSFERD FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

KOMDU Í ÁSKRIFT NÚNA Á WWW.DISNEYBOK.IS

FRAMHALD AF FORSIÐU

voru orðnar ekkjur eftir að hafa misst eiginmenn sína í stríðinu í Írak.

„Ég kom um nótt til Íslands, en þegar ég vaknaði næsta dag var ég spurður hvort mig langaði út í fótbolta. Mér leist vel á þá hugmynd, dreif mig út á völl og byrjaði að æfa, en var langlélegastur í flokknum. Seinna lærði ég enn meira um fótbolta, landslið og leikmenn, og þráði það eitt að verða framúrskarandi leikmaður,“ segir Bakir, sem upp frá því sótti æfingar enn stífar, bæði einn og með öðrum, og uppskar eftir því þegar hann hlaut verðlaun fyrir mestar framfarir í 4. flokki ÍA í fyrra.

„Þegar ég sá Bakir fyrst með boltann fannst mér ekki fræðilegur möguleiki á að hann yrði kominn í A-liðið eftir tvö ár, en framfarirnar hafa verið gríðarlegar. Bakir er mikið efni og miðað við hvernig hann vinnur á hann framtíðina sannarlega fyrir sér,“ segir Lúðvík Gunnarsson, þjálfari Bakirs hjá ÍA.

Bakir var með öllu ótalandi á íslenska tungu þegar líf hans tók stefnu á Akranes, og ekki töluðu íslensku strákarar arabísku.

„Mér veittist samt auðvelt að eignast vináttu samherja minna, og strákarar tóku mér opnum örmum. Íslenskan er erfið, en í fyrravor hafði ég náð góðum tökum á henni. Fram að því fóru samskipti fram með handapati og allt skildist það einhvern veginn,“ segir Bakir lukkulegur með lífið á Skaganum, enda vinsæll meðal vina og hamingjusamur með íslenskt þjóðfélag, líkt og móðir hans og tvö yngri systkin.

„Ég sakna samt alltaf Íraks og stórfjölskyldunnar, en við erum í góðum samskiptum á netinu. Vonandi kemst ég þangað í heimsókn einn daginn en mun örugglega aldrei flytjast þangað á ný. Hér kann ég líka vel við mig. Ég hef komið til margra íslenskra



bæja en finnst Akranes bera af. Þar búa mátulega margir og margt að sjá í kringum bæjarstæðið, eins og sjóinn, Akrafjallið, og bæði sveit og borg. Þá þykir mér fólkið gott og íslenskir krakkar skemmtilegir, en í Írak var ég vanur því að krakkar væru leiðinlegir hver við annan og daglegt brauð að upplifa þústra og lemstur þeirra í millum. Því er friðurinn bestur.“ -þlg



Norrænar handverkssumarbúðir verða haldnar á Þingeyri á sunnudaginn. Heimilisiðnaðarfélag Íslands og Þjóðbúningafélag Ísafjarðar standa fyrir sumarbúðunum þar sem boðið verður upp á námskeið, fyrirlestra, leikbrúðsýningu, sölumarkað og ferð um Arnarfjörð. Nánari upplýsingar á www.heimilisdnaður.is.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

VEIÐIKORTIÐ FÆST Á N1



WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

Tinna Jóhannsdóttir, Íslandsmeistari í golfi, sleppir því helst aldrei að fara út á golfvöll um helgar :

Gott að vera með sjálfum sér

Máður þjálfar ekki upp íturvaxinn kropp í golfi, en lærir þess í stað mikinn sjálfsaga og einbeitingu, ásamt því að eiga náðugar stundir með sjálfum sér og geta dundað úti í náttúrunni,“ segir Tinna og mundar kylfuna, meistari íslenskra kvenna í golfi.

Hún segist hafa álpast út á golfvöll með golfsjúkri fjölskyldu sinni á tólfta árinu.

„Og það þurfti ekki meira til; ég ánetjaðist golfinu um leið. Íþróttin býður upp á góðan félagskap, er látlaus í tiskustraumum og laus við brjáluð læti sem fylgja mörgu öðru sporti,“ segir Tinna sem um helgina er stödd í austurrísku borginni Graz með íslenska landsliðinu þar sem hún keppir á Evrópumóti landsliða.

